

GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

„minnið er gatasigt“

Um minni og tráma í *Stóra skjálfta* eftir Auði Jónsdóttur

Við erum hugarburður í frjálsum falli [...] við keppumst við að skrá niður augnablikin, segja hvert öðru sögur, festa fingur á mannkynsöguna meðan alheimurinn þenst út allt þar til hann nær endamörkum sínum. Við segjum allar þessar sögur af öllu því sem á að hafa gerst eins og okkur finnst við muna það hvert og eitt eftir sínu nefi. En í hvert skipti sem við segjum sögu tekur hún á sig nýja mynd og verður að nýrri sögu og að þessu leyti erum við og öll okkar tilvera dæmd til að vera skáldskapur.¹

Á þessa leið komst rithöfundurinn Auður Jónsdóttir að orði í fyrirlestri sem hún hélt um heilann á fræðslufundi hjá Íslenskri erfðagreiningu. Minnið hefur verið Auði hugleikið bæði í skrifum og fyrirlesturum en það er eitt meginviðfangsefni hennar í skáldsögunni *Stóra skjálfta* sem kom út árið 2015.² Þar segir frá persónunni Sögu sem í upphafi bókar fær þrjú stór krampaflog en afleiðingar þess felast meðal annars í umfangsmiklu minnisleysi.³ Hennar

¹ Auður Jónsdóttir, „Auður Jónsdóttir. Um heilann, opinn fræðslufundur um heilann í blíðu og stríðu“, *Íslensk erfðagreining*, 12. desember 2015, fyrirlesturinn er aðgengilegur á netinu: <https://vimeo.com/148931471>.

² Sjá til dæmis sama heimild og Auður Jónsdóttir, „Við erum stöðugt að skálda lífið“, *Tímarit Máls og menningar* 80: 1/2019, bls. 112–116.

³ Auður hefur áður skrifað um flogaveikar persónur í bókunum *Stjórmaus lukka* (1998), *Vetrarsól* (2008) og *Ósjálfrátt* (2012). Hún er sjálf flogaveik en í viðtali við Árna Matthíasson segist hún hafa byggt á eigin reynslu í skrifum á *Stóra skjálfta* til að veita verkinu trúverðugleika en sagan sé engu að síður skáldskapur enda



bíður því það erfiða verkefni að reyna að endurgera fortíðina og líf sitt til að skapa að nýju sína eigin lífsSögu. Þá þarf hún að takast á við gömul áföll og henda reiður á tilfinningum þeim tengdum en það reynist þrautin þyngri þegar minnið er eins glöppótt og raun ber vitni.

Stóri skjálfti fellur vel að rannsóknarsviði læknahugvísinda (e. *medical humanities*) en innan þeirrar fræðigreinar hefur skáldskapur meðal annars verið rannsakaður í þeim tilgangi að skilja betur reynslu sjúklinga, tilfinningar þeirra og aðstæður.⁴ Í þessari grein verður unnið í anda læknahugvísinda því með hliðsjón af *Stóra skjálfta* verður fjallað um upplifun og reynslu aðalpersónunnar Sögu með tilliti til veikinda hennar. Fyrst verður skoðað hvernig flogaveiki er lýst í sögunni, hvaða líkingar eru jafnan hafðar um flog og hver áhrif þeirra geta verið. Í kjölfarið verður kannað hvaða áhrif flogaveikin hefur á minni Sögu og skoðað hvaða aðferðum hún beitir til að rifja upp hið liðna. Í því sambandi verður gaumur gefinn að því hvernig frásögnin markar líf fólks og hvernig minnið er alltaf einum þræði skáldskapur.⁵ Í ljósi

aðalpersónan afar ólík henni sjálfri. Árni Matthíasson, „Heilinn er tækifærissinnuð vinnslustöð“, *Morgunblaðið*, 29. nóvember 2015, bls. 48.

⁴ Læknahugvísindi eru meðal annars sprottin upp af þörf læknanema til að læra um samskipti við sjúklinga en þau eru víða kennd í læknisfræði. Á Íslandi hafa læknahugvísindi og undirgrein hennar frásagnarlæknisfræði (e. *narrative medicine*) verið kennd í læknadeild Háskóla Íslands í tæpan áratug en læknirinn Bryndís Benediktsdóttir og bókmenntafræðingarnir Ásdís Egilsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir eru brautryðjendur í því starfi. Samanber „Læknis- og bókmenntafræði hönd í hönd“, *Háskóli Íslands*, sótt 25. júlí 2020 af https://www.hi.is/fjarsjodur_framtidar5/laeknis_og_bokmenntafrædi_hond_i_hond. Þeir sem aðhyllast læknahugvísindi telja mikilvægt að skoða sjúklinginn heildrænt; sem sagt huga jafnt að lífssögu hans og sjúkrasögu. Læknahugvísindi eru þverfagleg en þau sækja bæði til líf- og hugvísinda til að skoða og skilja betur þætti sem snúa að sjúklingum og heilbrigðisstarfsmönnum; til dæmis veikindi, sársauka, lækningar, samliðan, frásagnir og samskipti; með það að leiðarljósi að skilja manneskjuna betur og auka eigin félagslega færni. Það er rökrétt að þeir sem stunda læknahugvísindi sækji í skáldaða texta um sjúklinga, lækna og veikindi því þar er hægt að lesa um tilbúin samskipti, tilfinningaliðan fólks og upplifun sem jafnan er ekki lögð áhersla á í fræðilegum skrifum um sama efni innan læknisfræðinnar. Sjá til dæmis Anne Hunsaker Hawkins og Marilyn Chandler McEntyre, „Introduction. Teaching Literature and Medicine. A Retrospective and a Rationale“, *Teaching Literature and Medicine*, ritstjórar Anne Hunsaker Hawkins og Marilyn Chandler McEntyre, New York: The Modern Language Association, 2000, bls. 1–25, hér bls. 4–7.

⁵ Minni persóna og minni raunverulegs fólks er auðvitað ekki það sama því minni persóna er alltaf tilbúningur höfundarins. Til þess að hægt sé að skoða og greina minnið og minnisleysið í skáldsögu Auðar verða persónur hennar skoðaðar sem mannlíki. Mannlíki er heitið á persónum sem lesendur upplifa sem raunverulegar en ekki fyrst og fremst sem orð á blaði. Þegar persónur eru skoðaðar sem mannlíki eru

Þess að áföll úr fortíð Sögu leika stórt hlutverk í verkinu verður sérstaklega rætt um tengsl minnis og áfalla og dregið fram hvernig minningar um erfiða reynslu eru gjarnan ólíkar öðrum minningum. *Stóri skjálfti* er sumpart eins og leiðbeiningabók um minnið og óáreiðanleika þess. Í greiningu á verkinu verður því jafnframt hugað að minni annarra persóna en Sögu og með hliðsjón af þeim rætt um falskar minningar og hvernig einstaklingar kunna að minnast sömu atburða fortíðarinnar á ólíkan máta.

Flog er einsog ...

Hvað heitirðu?

Ókunnug augu stara á mig.

Heiti? Heiti ... hvað?

Hvað heitirðu? endurtekur röddin.

Hver heitir?

Þú, segir röddin. Þú heitir eitthvað. Manstu hver þú ert?


Ég?⁶

Á þessa leið hljómar fyrsti kafli skáldsögunnar *Stóra skjálfta*. Lesendum er hér fleygt inn í aðstæðurnar – *in medias res* – og kunna fyrir vikið að verða jafn ringlaðir og aðalpersóna verksins sem virðist ekki vita hvað hefur gerst, hvar hún er og jafnvel hver hún er. Fyrsti kafli sögunnar ber nafnið „Eftir skjálftann“ en kaflaheitið og titill bókarinnar ýta undir að lesendur geri ráð fyrir að jarðskjálfti hafi átt sér stað og að í fyrsta kaflanum sé aðalpersónan að reyna að fóta sig eftir þá reynslu. Fljótlega kemur þó í ljós að ekki er um náttúruufyrirbærið að ræða heldur skjálfta innra með ákveðinni persónu; nánar tiltekið hefur aðalpersónan fengið krampaflog. Þegar hún áttar sig á að þriggja ára sonur hennar hefur týnst í miðju flogakastinu fær hún tvö stór flog til viðbótar.

þeim gefnir mannlegir eiginleikar – þar með talið minni – og því er unnt að skoða þær og greina með hliðsjón af kenningum sálfræðinnar. Hugtakið mannlíki er fengið frá Bergljótu Soffíu Kristjánsdóttur sem notar það fyrst í greininni „Ómstríður taktur kvikra strengja“. Um *Hin hálu þrep* Bjarna Bernharðs og sitthvað sem þeim tengist“, *Ritið* 1/2016, bls. 107–134, hér bls. 125. Frásagnarfræðingurinn Uri Margolin var fyrstur til að benda á að menn upplifi sögupersónur sem fólk en hann talar þá um persónu eins og í þykjustuleikjum. Sjá Uri Margolin, „The What, the When, and the How a Being a Character in Literary Narrative“, *Style* 24/1990, bls. 453–468, hér bls. 455.

⁶ Auður Jónsdóttir, *Stóri skjálfti*, Reykjavík: Mál og menning, 2015, bls. 5. Eftirleiðis verður vísað til sögunnar með blaðsíðutali einu í sviga.

Lesendur eru reyndar dregnir á upplýsingum um hvað hefur nákvæmlega hent aðalpersónuna sem er nafnlaus þar til í þriðja kafla en þá kemur í ljós að hún heitir Saga. Ýmsar vísbendingar eru þó gefnar í fyrstu þremur köflunum um að hún hafi fengið flog en staðfestingin á því kemur einnig undir lok þriðja kafla. Nafnleysið er ein af vísbendingunum því það tengist minnis-



leysi Sögu sem er margoft spurð hvort hún muni hvað hafi gerst og hver hún sé. Þá er líkamlegri vanlíðan hennar lýst í þaula; samanber að hún er illa áttuð, á erfitt með að tala, þarf að sofa, svimar, riðar, er orkulaus og hefur höfuðverk.⁷ Auk þess kemur í ljós að hún hefur „migið á [sig] í kramp-
anum“ (8). Allt eru þetta dæmigerð einkenni krampflogs eða *grand mal* flogs en í slíku flogi „verður allur heilinn fyrir truflun, viðkomandi missir samstundis meðvitund og fellur til jarðar. [...] Líkaminn stífnar í stutta stund og síðan fara kippir um líkamann. [...] Kippirnir ganga yfirleitt

yfir og flogið tekur enda innan nokkurra mínútna. Á meðan viðkomandi er að komast til meðvitundar getur hann verið ruglaður og syfjaður en margir eru færir um að taka aftur upp þráðinn þar sem frá var horfið eftir að hafa hvílt sig smá stund.“⁸

Eins og sést á skilgreiningunni er krampflog og reynslan af því ekki ósvipuð lýsingu á jarðskjálfta og upplifun fólks af slíkum hamförum en bæði fyrirbæri eru óútreiknanleg og geta kallað fram tilfinningar á borð við ótta, hjálpar- og stjórnleysi. Raunar er reynslan af þessu tvennu svo áþekkt að flogaveikir hafa beinlínis greint frá því að þeir hafi haldið að þeir væru að fá flog í upphafi stórra jarðskjálfta.⁹ Þótt það liggi beint við að líkja flogaveiki við jarðskjálfta skal tekið fram að það er hvorki Saga, aðalpersóna *Stóra*

⁷ Sama heimild bls. 5–8.

⁸ „Spurningar og svör“, *Lauf*, sótt 25. júlí 2020 af <http://www.lauf.is/spurningar-and-svor/>.

⁹ Skömmu eftir síðustu aldamót var gerð rannsókn í Seattle meðal flogaveikra og þeirra sem fá flog ótengt flogaveiki. Þátttakendur voru spurðir um upplifun sína af stórum jarðskjálfta (6,8 á Richter) sem gekk yfir borgina þann 28. febrúar 2001. Einungis þeir sem voru flogaveikir voru líklegri til að hafa haldið að þeir væru að fá flog þegar skjálftinn hófst. Nathaniel F. Watson, Michael J. Doherty, Carl B. Dodrill, Don Farrell og John W. Miller, „The Experience of Earthquakes by Patients with Epileptic and Psychogenic Nonepileptic Seizures“, *Epilepsia* 43: 3/2002, bls. 317–320, hér bls. 317.

skjálfta, sem hefur jarðskjálftalíkingar um sjálfa sig og reynslu sína né aðrar persónur. Slíkar líkingar eru settar í brennidepil í sögunni til dæmis með því að láta þær koma fram í fyrsta kaflaheitinu („Eftir skjálftann“), bókatitli og á kápumynd verksins sem sýnir heilalínurit sem einnig mætti túlka sem jarðskjálftalínurit.¹⁰ Þessar hugtakslíkingar¹¹ eru ekki eingöngu vísbendingar um veikindi Sögu heldur eru þær jafnframt aðferð til að draga lesendur – kannski ekki síst þá sem ekki hafa reynslu af flogum – inn í söguheiminn og liðka fyrir samsömun þeirra með aðalpersónunni og auðvelda þeim að skilja og finna það sem hún finnur.¹²

Líkingar eru taldar skipta meginmáli til að öðlast skilning annarra þegar kemur að því að lýsa veikindum fólks, sársauka og þjáningu einkum vegna þess hve einstaklingsbundin slík reynsla er.¹³ Hugtakslíkingar sem floga-

¹⁰ Í greininni „Hvorki stjórna né vera stjórnað“ bendir Auður Aðalsteinsdóttir á að titill bókarinnar vísi „í hið líkamlega ástand að vera í (*grand-mal*) flogi en einnig til jarðskjálfta“. Auk þess nefnir hún að Suðurlandsskjálftinn sem átti sér stað um síðustu aldamót hefur verið kallaður Stóri Suðurlandsskjálftinn. Auður Aðalsteinsdóttir, „Hvorki stjórna né vera stjórnað“, *Andvari* 141/2016, bls. 87–97, hér bls. 92.

¹¹ Hér er horft til kenninga Georges Lakoffs og Marks Johnsons um hugtakslíkingar. Í bókinni *Metaphors We Live By* segja þeir líkingu vera aðferð til að skilja eitt fyrirbæri í ljósi annars. Samkvæmt þeim einkenna tvö hugtakssvið (*e. conceptual domains*) hverja líkingu en hluta af einu sviði, upptakasviðinu (*e. source domain*), er varpað yfir á annað ólíkt, marksviðið (*e. target domain*), til að auka skilning á því. Lakoff og Johnson segja að í hugum manna séu eins konar yfirskipaðar líkingar, hugtakslíkingar (*e. metaphorical concepts*) sem ákvarða hugsun þeirra og mál á kerfisbundinn hátt en þeir telja að allur skilningur mannsins og fullyrðingar hans byggist á líkingahugsun. Hugtakslíkingar eru ekki líkingar í hefðbundnum skilningi heldur óhlutbundin fyrirbæri sem stjórna að hluta hvernig hugtak er notað. Til að útskýra mál sitt frekar benda þeir félagar á að margar líkingar í máli vitni um hugtakslíkinguna DEILUR ERU STRÍÐ; til dæmis: „hann reyndi að koma böggi á hana í sjónvarpsumræðunum en henni tókst vel að *verja sig*“; „skoðanir þínar eru *óverjanlegar*“, „rök hans voru *skotin í kaf af andstæðingum*“. George Lakoff og Mark Johnson, *Metaphors We Live By*, Chicago: Chicago Press, 2003, fyrsta útgáfa 1980, bls. 3–6.

¹² Fleiri atriði kunna auðvitað að skipta máli fyrir tilflutning (*e. transportation*) lesenda inn í söguheim *Stóra skjálfta* og samsömun með Sögu. Til dæmis getur það hjálpað að sagan er fyrstu persónu frásögn en oft eiga lesendur auðveldara með að samsama sig aðalpersónum slíkra frásagna. Samanber Suzanne Keen, *Empathy and the Novel*, Oxford: Oxford University Press, 2007, bls. 96. Þá skiptir einnig máli að sagan hefist á því að aðalpersónan er í vanda stödd en erfiðleikar persóna kalla frekast á samúð (*e. sympathy*) lesenda sem getur síðan þróast í samlíðan (*e. empathy*) eftir því sem þeir kynnast persónunni nánar. Keith Oatley, *The Passionate Muse. Exploring Emotion in Stories*, New York: Oxford University Press, 2012, bls. 31.

¹³ Stephen Loftus, „Pain and its Metaphors. A Dialogical Approach“, *Journal of Medical Humanities* 32: 15/2017, bls. 213–230, hér bls. 215.

veikir hafa um reynslu sína af flogum eru afar margvíslegar og persónubundnar eins og á einatt við um líkinganotkun allra sjúklinga. Samkvæmt rannsókn Leendert Plug, Basil Sharrack og Markus Reuber eru þó þrjár gerðir hugtakslíkinga hvað algengastar þegar flogaveikir ræða veikindi sín; það er að segja:

1. FLOGIÐ ER ORSAKAVALDUR/KRAFTUR (e. THE SEIZURE IS AN AGENT/FORCE)
2. FLOGIÐ ER ATBURÐUR/AÐSTÆÐUR (e. THE SEIZURE IS AN EVENT/SITUATION)
3. FLOGIÐ ER STAÐUR/RÝMI (e. THE SEIZURE IS A PLACE/SPACE).¹⁴

Að líkja flogi við jarðskjálfta fellur undir fyrstu gerðina, sem Plug, Sharrack og Reuber nefna, en dæmi um það í máli er: „jarðskjálfti er eins og kraftur sem *tekur yfir* líkama sjúklingsins“. Með þessari líkingu er oft notuð önnur líkingin sem þeir félagar telja upp því hún felur í sér að flogið sé atburður sem hefur upphaf og endi rétt eins og jarðskjálftar; samanber þegar krampinn *bófst* var hún ekki viðræðuhæf en þegar honum *lauk* var hún fljót að jafna sig.¹⁵ Samspil af þessu tagi kemur vel fram í líkinganotkun Sögu þegar hún ræðir flogaveiki sína. Hún hugsar gjarnan um hvert flog sem stakan atburð en líkir flogunum að vísu hvorki við kraft né jarðskjálfta¹⁶ heldur orsakavald, nánar tiltekið árársarmann sem getur ráðist á hana hvenær sem er og hvar sem er:

Í grúski í tölvunni minnst hún [Saga] unglingsstelpunnar sem hún var: Hún var ekki eins mikið frík þegar hún taldi sér trú um að hún sjálf réði ferðinni. Þegar hún hagaði sér eins og læknisfræðilega skilgreiningin á henni sjálfri væri bara djöfuls vitleysa fannst henni hún vera laus undan árársarmanninum sem elti hana eins og skugg-

¹⁴ Leendert Plug, Basil Sharrack og Markus Reuber, „Seizure metaphors differ in patients' accounts of epileptic and psychogenic nonepileptic seizures“, *Epilepsia* 50: 5/2009, bls. 994–1000, hér bls. 997.

¹⁵ Dæmi um þriðju líkinguna; FLOGIÐ ER STAÐUR/RÝMI er til dæmis: Hann talar við mig á meðan ég er í flogakastinu vegna þess að hann heldur að þá nái hann mér fyrr *úr* því en ella. Sama heimild, bls. 997.

¹⁶ Persónur verksins ræða aðeins einu sinni um tengsl floga og jarðskjálfta sín á milli. Það er þegar Lilja Dögg og Ódinn – unglingar sem hjálpa Sögu – segja henni frá grein þar sem kemur fram að: „Bandarískir vísindamenn segjast hafa fundið leið til að nota sömu tækni til að spá fyrir um flog flogaveikisjúklunga og notuð er til að spá fyrir um hvenær jarðskjálfti muni eiga sér stað.“ (242)

inn. Honum sem henti sér á hana þegar síst skyldi. Fleygði henni kylliflatrí á jörðina, hvar sem var, hvenær sem var; meðvitundarlausri meðan hann nauðgaði henni svo hún froðufellði og meig eða skeit á sig, engdist um í fýlunni af sjálfri sér.

Hún þráði að ná stjórninni, ráða eigin líkama, eigin lífi; stjórna öllu gangverki heimsins ef þess þyrfti með. (178–179)

Líkinganotkun Sögu dregur vel fram óttann og valdaleysið sem hún finnur fyrir vegna floganna. Hún þráir að vera við stjórnvölinn og ráða yfir eigin líkama en í sögunni kemur fram að sem unglingur hafi hún logið að læknum sínum að hún drykki ekki áfengi til að hann stækkaði lyfjaskammtinn hennar „eftir hvern krampa sem hafði brotist út eftir næturlangt sukk“ (179). Með því að stjórna eigin lyfjagjöf telur Saga sér trú um að hún hafi valdið en ekki árásarmaðurinn. Staðreyndin er þó sú að hún er aldrei óhult; flogin gera ekki boð á undan sér svo hræðslan við ógnina er stöðug.

Í orðræðu um veikindi og sársauka er þekkt að fólk nýti sér árásarmyndmál því það talar gjarnan um sjúkdóma og veikindi sem orrustu eða stríð þar sem sjúklingar berjast upp á líf og dauða. Í ljósi þess er til dæmis hugsað um lækna sem herstjóra, tækni sem vopn og líkama sjúklings sem orrustuvöll. Með slíkum líkingum er lögð áhersla á alvarleika veikindanna og sársaukans um leið og þær fela í sér hræðsluna og skelfinguna sem sjúklingar upplifa gjarnan.¹⁷ Þótt árásarmyndmál sé í brennidepli í lýsingum Sögu á reynslu sinni af flogaköstum hér að framan er það að sínu leyti óhefðbundið því tengingar við stríð og hermennsku eru ekki augljósar þar sem árásarmaðurinn er nauðgari.¹⁸ Líkinganotkun Sögu kann að markast af samfélagslegum áhrifum sem líklegt er að höfundur bókarinnar hafi orðið fyrir.¹⁹ Á Íslandi eru stríð blessunarlega ekki daglegur veruleiki en meira máli skiptir að hér er kvenkyns persóna sem talar en kynferðislegar árásir á konur hafa verið meiri en á karlana.²⁰ Eins og lýsing Sögu vitnar um er upplifun hennar af

¹⁷ Stephen Loftus, „Pain and its Metaphors. A Dialogical Approach“, bls. 217; Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir, „„Hvað var sett í kássuna?“ eða um blöndun, líkingar og fleira“, *Læknablaðið* 102/2016, bls. 358–361.

¹⁸ Í stríðum er nauðganir algengar og því gjarnan stór þáttur í upplifun kvenna af þeim. Alla jafna fer þó lítið fyrir nauðgunarlíkingum í umræðu um veikindi og reynslu af þeim en meiri áhersla er lögð á líkingar sem snúa að hernaði, vopnum og umráði yfir landssvæði.

¹⁹ Sjá umfjöllun George Lakoff og Mark Johnson um samfélagslega markaðar líkingar; George Lakoff og Mark Johnson, *Metaphors We Live By*, bls. 4–5.

²⁰ *Stóri skjálfti* gerist í Reykjavík í nútímanum. Þar sem söguheiminum svipar mjög til þeirrar Reykjavíkur sem við þekkjum úr hinum raunverulega heimi er hér

flogum í takt við reynslu brotaþola nauðgana sem sviptir eru valdi yfir eigin líkama og finna einatt til ótta og óöryggis í kjölfar ofbeldisins.²¹ Í ljósi þess hve tíðir kynferðisglæpir eru og að umræða um þá, þekking og skilningur hefur aukist til muna síðustu áratugi er líklegt að fleiri lesendur – kannski ekki síst konur²² – tengi við líkingar Sögu en ef jarðskjálftalíkingar hefðu verið í forgrunni í lýsingum hennar.²³

Sársaukinn og þjáningin sem veikindin valda Sögu verða enn skýrari þegar hún greinir frá því að árásarmaðurinn er ekki utanaðkomandi aðili heldur býr hann innra með henni:

gert ráð fyrir að samfélagsmyndin, til dæmis hvað varðar fjölda kynferðisafbrot, sé sviðuð í báðum heimum. Í skýrslu sem Jafnréttisstofa tók saman kemur fram að konur voru í miklum meirihluta þeirra sem leituðu til Neyðarmóttöku vegna nauðgunar á árunum 1993–2012. Fjöldi karla var 1–10 á ári en fjöldi kvenna 42–142. Frá árinu 2001 leituðu árlega yfir hundrað konur til Neyðarmóttökunnar. *Tölulegar upplýsingar. Hlutföll og fjöldi karla og kvenna á ýmsum sviðum samfélags*, tekið saman af Jafnréttisstofu, október 2013, bls. 31. Ársskýrslur Stígamóta vitna um að konur leiti frekar þangað en karlar. Í skýrslunni frá árinu 2018 (sem er sú nýjasta á vefnum þegar þetta er skrifað) kemur fram að það ár hafi 311 konur (86,6%) leitað aðstoðar en 47 karlar (13,1%). Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir (ritstjóri), *Stígamót. Ársskýrsla 2018*, Reykjavík: Stígamót, 2018, bls. 30. Anna Bentína Hermansen, starfsmaður Stígamóta, hefur bent á að kynferðisafbrot gegn körlum (og raunar öll kynferðisafbrot) eru vanskráð en að tíðnikannanir gefi vísbendingar um að brotið sé á fleiri konum en körlum. Sér til stuðnings vitnar hún í hlutföll karla og kvenna sem leita aðstoðar Stígamóta og í tíðnikönnun Hrefnu Ólafsdóttur félagsráðgjafa á umfangi kynferðisofbeldis á börnum. Könnun Hrefnu var sú fyrsta af þessu tagi sem var gerð hérlendis en hún var unnin á árunum 1999–2003. Anna Bentína Hermansen, „Karlmennt verða fyrir kynferðisafbroti“, *Stígamót*, sótt 6. júlí 2020 af <https://www.stigamot.is/is/fraedsluefni/greinar/karlmennt-verda-fyrir-kynferdisofbeldi>.

²¹ Sjá til dæmis Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir (ritstjóri), *Stígamót. Ársskýrsla 2018*, bls. 44–45; Inbar Kremer, Israel Orbach og Tova Rosenbloom, „Body Image Among Victims of Sexual and Physical Abuse“, *Violence and Victims* 28: 2/2013, bls. 259–273, hér bls. 260–261. Ásdís Helga Óskarsdóttir hefur bent á að líkingin flogaveiki sem ókunnugur árásarmaður, í *Stóra skjálfta*, minni á skrif Svövu Jakobsdóttur í greininni „Reynsla og veruleiki“ en þar fjallar Svava um ótta kvenna við ókunnuga karlmenn og líkamlega yfirburði þeirra. Ásdís Helga Óskarsdóttir, „*leiðin er innávið og uppí móti*“. *Um fjórðu bylgju feminismins og íslenskar kvennabókmenntir*, MA-ritgerð í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, 2019, aðgengileg á vefnum Skemman: https://skemman.is/bitstream/1946/32686/1/Meistararitgerd_AsdisHelgaOskarsdottir.pdf, bls. 8–9.

²² Nefnt skal að lesendur eiga gjarnan auðveldara með að samsama sig sögupersónunum af sama kyni og þeir eru sjálfir. Keith Oatley, *The Passionate Muse. Exploring Emotion in Stories*, bls. 180.

²³ Samanber Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „eins og að reyna að æpa í draumi“. Inngangur að þema“, *Ritið* 3/2018, bls. 1–15, hér bls. 10–12.

Það brakaði í beini, hann fleygði þér endilangri á jörðina og barnið þitt grét. Hann hristi þig svo froðan flæddi út á milli tannanna í þér, þú meigst á þig og drullan lak út úr þér, þú öskraðir eins og djöfullinn sem býr í iðrum okkar allra. Það er hann sem ræður líkama þínum, hann á þig. Hann kemur aftan að þér þegar síst skyldi en þarf aldrei að troða sér inn í þig því hann býr innra með þér. Í líki þess sem þú treystir, sem þú neyðist til að treysta dag hvern til að geta lifað. (207)

Hér kemur fram að veikindi Sögu eru að sjálfsögðu hluti af líkama hennar en ekki ytra áreiti eins og fyrri lýsing gæti gefið til kynna. Saga hugsar um líkamann sem hús sem hún deilir með árásarmanninum.²⁴ Þar með leggur hún frekari áherslu á hættuna sem hún býr við því lýsingin getur minnt lesendur á að flest kynferðisafbrot eru framin af einstaklingum sem brotaþoli þekkir; jafnt vinum, kunningjum og fjölskyldumeðlimum; og að oft eiga þau sér stað innan veggja heimilisins; sem undir eðlilegum kringumstæðum ætti að vera öruggt. Vanmáttur Sögu kristallast í þverstæðunni sem einkennir samband hennar við eigin líkama; hún hefur ekki stjórn á honum og hræðist það sem hann getur tekið upp á um leið og hann er forsenda þess að hún er til og getur lifað lífinu. Hugsanlega er ofbeldislíkingin afleiðing persónulegrar reynslu Sögu; þó ekki af kynferðislegu ofbeldi heldur af því að hafa alist upp á heimili ofbeldismanns fyrstu ár lífs síns; að því verður betur vikið hér á eftir.

Eins og fram hefur komið eru lyfin vopn Sögu gegn árásarmanninum/flogaveikinni.²⁵ Þegar hún verður ólétt ráðleggur læknir henni að hætta á lyfjunum því þau geti haft alvarlegar aukaverkanir. Hún kys að hunsa ráðin „því hún vildi umfram allt ekki hugsa, allra síst muna eftir árásarmanninum. Hún vildi ekki hafa hann vomandi yfir sér á meðan hún væri með barn á brjósti. Hann passaði ekki inn í myndina af móður og barni“ (179). Saga telur sér trú um að hún hafi stjórn á líkamanum á meðgöngunni svo lengi sem hún heldur áfram á lyfjunum en þegar henni er gert að hætta inntöku þeirra upplifir hún vanmátt og skelfingu: „Árásarmaðurinn gat komið hvenær sem er“ (179). Þótt veikindin marki sýn Sögu á eigin líkama er hún einnig með-

²⁴ Um líkinguna LÍKAMINN ER HÚS/BYGGING hafa ýmsir fjallað. Til dæmis George Lakoff, Jane Espenson og Alan Schwartz, *Master Metaphor List*, Second Draft, Berkeley: University of California, október 1991, fyrsta útgáfa ágúst 1989, bls. 192; Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Hann er bara á vondum stað“. Reimleikahús í kvikmyndinni *Rökkri* eftir Erling Öttar Thoroddsen“, *Ritið* 1/2019, bls. 101–136, hér bls. 122–123.

²⁵ Auður Jónsdóttir, *Stóri skjálfti*, bls. 179.

vituð um kosti hans því þegar sonur hennar, Ívar, fæðist upplifir hún frelsi „undan árárarmanninum [og] [í] fyrsta skipti á ævinni [sér] hún líkama sinn sem vin, eða öllu heldur vinkonu“ (179). Breytt afstaða er að einhverju leyti aðferð Sögu til að afneita veikindunum og telja sér trú um að hún sé óhult og hafi stjórnina. En árárarmaðurinn er ekki langt undan því þegar Saga fær stóru flogin þrjú neyðist hún til að viðurkenna eigið stjórnleysi.

„Bíddu, hvernig var þetta allt saman?“

Flogaköstin í upphafi *Stóra skjálfta* eru eins og öflugur jarðskjálfti því í kjölfar þeirra er minni Sögu í brotum. Hennar bíður því það flókna verkefni að reyna að setja saman fortíðina til að geta hent reiður á nútíðinni og hver hún eiginlega er. Helsti ótti Sögu er að fá ekki að hafa son sinn hjá sér vegna flogaveikinnar. Minnisvandráðin í kjölfar floganna auka óttann því hún hræðist að vantraust fjölskyldunnar gagnvart sér komi til með að aukast átti þau sig á því hve veik hún er.

Þegar Saga fær flogaköstin hefur hún ekki fengið krampakast í um tíu ár. Það er afar einstaklingsbundið hvað kemur flogum af stað en meðal þess sem talið er auka hættu á flogakasti er álag, þreyta og svefnleysi.²⁶ Allt á við um Sögu sem hefur nýlega skilið við eiginmann sinn²⁷ og á auk þess lítið, veikt barn. Þótt flogin séu aflvaki sögunnar eru það afleiðingar þeirra sem mestu máli skipta; það er að segja minnisleysið og endurheimting minninga.²⁸

²⁶ Nancy R. Temkin og Gay R. Davis, „Stress as a Risk Factor for Seizures Among Adults with Epilepsy“, *Epilepsia* 25: 4/1984, bls. 450–456. Þess ber að geta að mikil streita getur orsakað minnisleysi. Samanber Daniel L. Schacter, *Seven Sins of Memory. How the Mind Forget and Remembers*, Boston og New York: Houghton Mifflin Company, 2001, bls. 86–87.

²⁷ Fyrrum eiginmaður Sögu heitir Bergur en í nafni hans felst ákveðinn merkingarauki sem undirstrikar hlutverk hans í sambandinu við Sögu. Nafnið Bergur „er leitt af sögninni að bjarga, → *Berg-*, og viðskeytinu *-ur* og merkir ‘bjargvættur, hjálparhella’.“ Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson, „Bergur“, *Nöfn Íslendinga*, sótt 13. maí 2020 af snara.is. Bergur er með öðrum orðum kletturinn í lífi Sögu sá sem verndar hana gegn árárarmanninum en allan þann tíma sem þau voru saman fékk hún aldrei flogakast.

²⁸ Flogaköstin má túlka sem líkingu fyrir „aðstæður þegar fólk hleypur á vegg og missir tókin“, eins og leikkonan og leikstjórinn Tinna Hrafnadóttir hefur bent á. Slíkir árekstrar kalla oft á að fólk endurskoði sjálf sig og fortíðina en það þarf Saga svo sannarlega að gera þegar hún neyðist til að reyna að muna hið liðna og fara í gegnum erfiðar minningar til þess að skilja hver hún er. Sjá Júlía Margrét Einarsdóttir og Viðar Eggertsson, „Þöggung er svo algeng í fjölskyldum“, *RÚV*, 11. mars 2020, sótt 16. júní 2020 af https://www.ruv.is/frett/thoggun-er-svo-algeng-i-fjolskyldum?fbclid=IwAR2iLLCpDt9qQ0OnevEhKo_anwT9t8-ulxrSCfvOGJVFRqUv6P5RH4nJGI. Tekið skal fram að Tinna hefur

Einum þræði minnir *Stóri skjálfti* á spennusögu því Saga þarf að setja sig í spor rannsakanda þegar hún les í ýmsar vísbendingar og ræðir við ólíka aðila til að reyna að rifja upp fortíðina. Þá þarf hún einnig að gera upp við sig hvort minningarnar sem vakna hjá henni og sögur annarra af fortíðinni séu staðreyndir eða hugarburður. Fyrir vikið kallar sagan á að lesendur velti fyrir sér ólíkum hliðum minnisins og spyrji spurninga eins og: hvernig man fólk fortíðina, hvað velur það að muna og hverju kýs það að gleyma? Áður en fjallað verður um minni Sögu og hvaða aðferðir hún notar til að rifja upp hið liðna er rétt að fjalla stuttlega um minnið og endurheimtingu minninga.

Margir fræðimenn líta svo á að frásögnin sé grundvöllur mannglegrar hugsunar og gegni þess vegna margskonar hlutverkum eins og að liðka fyrir skilningi manna á sjálfum sér og öðrum sem og að efla og þjálfa ímyndunaraflið.²⁹ Með frásögninni dregur fólk upp ákveðna mynd af sjálfu sér en sú mynd getur verið breytileg.³⁰ Í fyrirlestri sem Auður Jónsdóttir hélt um heilann benti hún einmitt á að hún gæti hæglega „skrifað skáldævisögu sína hundrað sinnum en samt nýja sögu í hvert skipti og atburðarásirnar ólíkar eftir því“³¹ enda þyrftu atvikin sem fengju mest vægi ekki að vera þau hin sömu heldur gæti mat hennar á þeim verið breytilegt eftir því sem hún skrifaði „ævisögur“ sínar oftar.³² Þegar fólk segir sögur af sjálfu sér og öðrum reiðir það sig á minnið.³³ Minningar fólks eru auðvitað einstaklingsbundnar

lokið við að kvikmynda *Stóra skjálfti* en áætlað er að kvikmyndin verði frumsýnd 2021.

²⁹ Sjá til dæmis Jerome Bruner, „The Narrative Construction of Reality“, *Critical Inquiry* 18: 1/1991, bls. 1–21, hér bls. 4; Daniel D. Hutto, „Narrative and understanding persons“, *Royal Institute of Philosophy Supplements* 60/2007, bls. 1–15, hér bls. 2.

³⁰ Samanber Paul John Eakin, „What Are We Reading When We Read Autobiography?“, *Narrative* 12: 2/2004, bls. 121–132.

³¹ Auður Jónsdóttir, „Auður Jónsdóttir. Um heilann, opinn fræðslufundur um heilann í blíðu og stríðu“, <https://vimeo.com/148931471>.

³² Sama heimild. Hérlandis er bókmenntafræðingurinn Gunnþórunn Guðmundsdóttir brautryðjandi í rannsóknum á minni, gleymsku og frásögnum. Sem dæmi um greinar hennar og bækur sem tilheyra því rannsóknarsviði má nefna Gunnþórunn Guðmundsdóttir, *Borderlines, Autobiography and Fiction in Postmodern Life Writing*, Amsterdam: Rodopi, 2003; „Skáldað um líf. Sjálfsævisögur sem bókmenntageirn á tímum póstmóðernisma“, *Skírnið* vor/2003, bls. 109–125; „Blekking og minni. Benjamin Wilkomirski og helfararfrásagnir“, *Ritið* 3/2006, bls. 39–51; „„Minnið er alltaf að störfum“. Mótun endurminninga og sjálfs í *Minnisbók* og *Bernskubók* Sigurðar Pálssonar“, *Ritið* 2/2013, bls. 135–148; „Frásögn án gleymsku og dauða. Sjálfstjaning á samfélagsmiðlum“, *Ritið* 3/2015, bls. 161–179; „„Allt sem þú gerir breytist í reynslu“. Ferðalag um sjálfsævisöguleg skrif Jóns Gnarr“, *Tímarit Máls og menningar* 1/2016, bls. 52–61 og *Representations of Forgetting in Life Writing and Fiction*, London: Palgrave Macmillan, 2016.

³³ Með orðinu minni er hér átt við minningar sem fólk geymir í langtímaminninu.

Því þótt tveir eða fleiri geti átt minningu af sama atburði eru sjónarhornin alltaf ólík og minningarnar þar með aldrei nákvæmlega þær sömu.³⁴ Þá er vert að hafa í huga að væntingar, áhugi, langanir og skoðanir okkar sem og annarra lita hvað við munum og hvernig.³⁵

Öll reynsla sem maðurinn upplifir á ævinni markast sem slóðir í minni hans. Slóðirnar bera með sér allar þær tilfinningar sem menn hafa á þeim tíma sem minningin varð til en eitt af hlutverkum heilans er að safna saman þessum slóðum og setja í samhengi við nýja reynslu mannsins. Á einn eða annan hátt tengist hver ný reynsla annarri úr fortíðinni sem skýrir til dæmis hvers vegna ákveðnar aðstæður eða atburður geta kallað fram minningu um aðrar aðstæður eða atburð. Heimsókn á tiltekinn stað getur til dæmis dregið fram minningar um staðinn þegar hann var heimsóttur síðast og sömuleiðis geta tilfinningar sem fólk bar til staðarins í fortíðinni vaknað upp aftur við endurkomu.³⁶ Svipuð áhrif geta til dæmis lykt, bragð og tónlist haft á minningar einstaklings og tilfinningar.

Þegar fólk rifjar upp hvað hefur á daga þess drifið og ræðir minningar sínar er ekki endilega víst að frásögnin sé ávallt í rétttri tímaröð. Sálfræðingurinn Daniel L. Schacter hefur líkt minningum fólks við flókinn vefnað

³⁴ Um þetta hefur Auður Jónsdóttir fjallað í viðtali við Árna Matthíasson en þar segir hún: „Ég hef upplifað það sem fullorðin að glíma við minningar sem ég var búin að gleyma en systir mín ekki. Það kemur mér stundum gjörsamlega í opna skjöldu þegar systir mín, sem er fimm árum yngri en ég, man eitthvað sem ég man ekki en samt vorum við báðar viðstaddir. Þetta er skrýtið en nokkuð sem margir hafa upplifað og við erum alltaf að upplifa. Ef við myndum tala um þessa stund þar sem við sitjum núna eftir nokkur ár þá hefðum við upplifað hana hvort á sinn hátt. Svo er líka misjafnt hvað við festum í minninu og hvernig við gerum það og misjafnt hvað hentar heilanum, hvernig hentar honum að hafa hlutina til að fúnkera áfram.“ Árni Matthíasson, „Heilinn er tækifærissinnuð vinnslustöð“, bls. 48.

³⁵ Árni Kristjánsson, „Að skapa minningar. Minni athygli og áreiðanleiki vitnisburðar“, *Sálfræðiritið* 19/2014, bls. 21–39, hér bls. 21.

³⁶ Patrick Colm Hogan, *The Mind and its Stories. Narrative Universals and Human Emotion*, Cambridge, New York, o.fl.: Cambridge University Press, 2003, bls. 156–159 og Daniel L. Schacter, *Seven Sins of Memory. How the Mind Forget and Remembers*, bls. 9. Rithöfundurinn Svava Jakobsdóttir lýsti upplifun af þessu tagi afar vel í viðtali sem Dagný Kristjánsdóttir tók við hana. Svava sagði: „Ég varð fyrir reynslu fyrir skömmu sem mér fannst mjög einkennileg. Ég var á ferð í Kanada, í bænum þar sem ég ólst upp, og stóð á stígnum þar sem ég var vön að ganga á leiðinni í skólann. Skyndilega var mér kippt út úr nútímanum og ég varð aftur barn. Ég var á sviði bernskunnar, í hinni sterku tilfinningalegu upplifun barnsins og ekkert annað var til. Þegar þetta var afstaðið gerði ég mér grein fyrir að ég hafði orðið átta

Þar sem fléttast saman minningar um sérstæða atburði og hversdagslegar endurminningar um ákveðin tímaskið. Hann segir að það sé algengt að fólk hugsu um minnið og minningar á þann hátt að ferlið við að kalla fram minningu sé svipað því að horfa á kvikmynd. Með öðrum orðum sé mögulegt að spóla fram og tilbaka í gegnum minnið, stoppa á völdum stöðum og sjá ljóslifandi fyrir sér atburði fortíðarinnar allt fram til dagsins í dag. Samkvæmt Schacter er endurheimting minninga þó ekki svona einföld en hann heldur því fram að minnisgeymsla (e. *memory storage*) mannsins sé afar brotakennd og slitrótt. Minningar sem menn hafi um liðna atburði séu einangraðar og brotakenndar og því sé það mannum eiginlegt að muna hluta af samtölum og sum andlit. Þá segir Schacter að minningar séu ekki aðeins brotakenndar heldur dofni þær með aldrinum svo það sérstaka sem maðurinn man eins og ákveðið samtal eða gjörð gleymist en það almenna situr eftir í minninu eins og til dæmis hvar einstaklingur hitti ákveðna manneskju og átti samtal við hana. Þegar menn rifja upp atburði taka þeir því brot úr fortíðinni og raða saman í heildarmynd svo í rauninni muna þeir ekki fortíðina heldur búa þeir hana til að nýju með því að nýta ímyndunaraflið til að fylla inn í eyðurnar. Stundum er hið liðna mótað þannig að það endurspeglar núverandi tilfinningar ekki síður en fyrri reynslu þess sem segir frá og stundum endurspeglar það alls ekki þá reynslu sem einstaklingur hefur upplifað. Þar með getur nútíðin mótað fortíðina og jafnvel skapað nýja minningu.³⁷

Minnið er sem sagt alltaf að einhverju leyti skáldskapur eins og svo marg-

eða níu ára á meðan þetta stóð yfir. Það var ekki lengi. Ég var með öðru fólk sem virtist ekki hafa tekið eftir neinu.“ Dagný Kristjánsdóttir, „Hvert einasta orð er mikilvægt. Viðtal við Svövu Jakobsdóttur“, *Kona með spegil. Svava Jakobsdóttir og verk hennar*, ritstjóri Ármann Jakobsson, Reykjavík: JPV útgáfa, 2005, bls. 30–43, hér bls. 38. Viðtalið birtist fyrst í þriðja hefti *Tímarits Máls og menningar* 1990.

³⁷ Daniel L. Schacter, *Searching for Memory. The Brain, the Mind, and the Past*, New York: BasicBooks, 1996, bls. 89–91; Daniel L. Schacter, *Seven Sins of Memory. How the Mind Forget and Remembers*, bls. 9 og Patrick Colm Hogan, *The Mind and its Stories. Narrative Universals and Human Emotion*, bls. 262.

ir hafa fjallað um,³⁸ Auður Jónsdóttir þar á meðal.³⁹ Hvað varðar eyður í minni Sögu er hún verr stödd en margir aðrir því stórir hlutar úr fortíð hennar virðast hafa þurrkast út við flogaköstin – alltént tímabundið.⁴⁰ Slíkt er reyndar ekki óvenjulegt því algengur fylgikvilli stórra floga eru vandræði með minnið.⁴¹ Saga á erfiðast með að muna rétt eftir flogin þrjú en þá man hún til dæmis ekki ákveðin orð, hvað hún heitir, hvar hún vinnur, hvað sonur

³⁸ Sjá til dæmis Daniel L. Schacter, *Seven Sins of Memory. How the Mind Forget and Remembers*; Keith Oatley, *Such Stuff as Dreams. The Psychology of Fiction*, Oxford: John Wiley & Sons, 2011, bls. 58–60; Árni Kristjánsson, „Að skapa minningar“, bls. 21–39; Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Mótun endurminninga og sjálfs í *Minnisbók* og *Bernskubók* Sigurðar Pálssonar“, bls 135–148 og sama „Allt sem þú gerir breytist í reynslu“. Ferðalag um sjálfsævisöguleg skrif Jóns Gnarr“, bls. 54. Við réttarhöld eru vitni einatt látin sverja þess eidd að þau segi satt og rétt frá atvikum en út úr þeim frasa hefur sálfræðingurinn og minnisfræðingurinn Elizabeth F. Loftus snúið á skemmtilegan hátt: „Do you promise to tell the truth, the whole truth or whatever it is you think you remember?“ Elizabeth F. Loftus, „Memory Faults and Fixes“, *Issues in Science and Technology* 18: 4/2002, bls. 41–50, hér bls. 41. Orð hennar vitna um hve minnið er brögðult. Nefnt skal að Loftus hefur áratuga reynslu af því að gera rannsóknir sem hafa leitt í ljós hve mönnum er tamt að endurskapa fortíðina; yfirlit yfir slíkar rannsóknir má til dæmis sjá í Elizabeth F. Loftus og J. C. Palmer, „Eyewitness Testimony“, *Introducing Psychological Research*, ritstjórar Philip Banyard og Andrew Grayson, London: Palgrave, 1996, bls. 305–309 og Elizabeth F. Loftus, „Make–Believe Memories“, *American Psychologist* 58: 11/2003, bls. 867–873. Um tengsl sjálfsævisagna og skáldskapar segir Gunnþórunn Guðmundsdóttir: „Sjálfsævisögur byggjast ekki aðeins á skáldskap á yfirborðinu heldur einnig í djúppgerð sinni. Það er ekki þar með sagt að úr verði skáldskapur, heldur að höfundar færi sér skáldskap í nyt. Skáldskap í sjálfsævisögum má finna í byggingu þeirra, í því hvernig er farið með minni, í sjálfsköpun, þegar skrifð er um aðra í sjálfsævisögum og í meðferð á heimildum, en öll þessu atriði eru einnig notuð sem tæki til þekkingar og sjálfsköpunar. Höfundar nota þessa þætti í eigin þágu: til að skoða fortíðina eða til að mynda sjálf í sjálfsævisögu. Það er aldrei hægt að fjarlægja alveg skáldskap úr sjálfsævisögum [...]. Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Skáldað um líf“, bls. 122–123.

³⁹ Í hugvekju um minnið og skáldskapinn segir Auður: „Við erum jú eigin skáldskapur. Heilinn pikkar út þær minningar sem hann vill geyma eftir hentisemi; við ritskoðum ósjálfrátt atvik og orð, lögum upplifun okkar að hugarheimi okkar. Við erum stöðugt að skálda lífið. [...] Dæmd til að búa okkur sjálf til meðan heilinn sorterar veruleikann og lagar að þörfum persónuleikans, eftir því hvernig það hentar okkur að muna og tjá hann.“ Auður Jónsdóttir, „Við erum stöðugt að skálda lífið“, bls. 113.

⁴⁰ Í umfjöllun um verkið bendir Már Másson Maack réttilega á að „Saga er nánast eins og autt blað í upphafi sögunnar vegna minnisleysisins.“ Már Másson Maack, „Lífið er ráðgáta“, *Bókmenntaborgin.is*, desember 2015, sótt 24. apríl 2020 af <https://bokmenntaborgin.is/umfjollun/stori-skjalfti>. Í nafni Sögu felst sem sagt merkingarauki, hún þarf að raða saman brotum úr fortíðinni til að skrifa sögu sína og skilja sjálfa sig.

⁴¹ „Spurningar og svör“, *Lauf*, sótt 25. júlí 2020 af <http://lauf.is/spurningar-and-svor/>.

hennar er gamall og hvers vegna hún og barnsfaðir hennar eru skilin. Atburðir úr fortíðinni eru einnig í móðu. Erfiðleikar hennar snúa semsagt fyrst og fremst að meðvitaða minninu (e. *explicit memory*) sem fela í sér atriði eins og persónulegar minningar og staðreyndir um heiminn.⁴² Minni Sögu kallast á við byggingu bókarinnar því í upphafi eru kaflarnir stuttir enda er þá minnisleysið og óreiðan mest áberandi en eftir því sem líður á söguna og minningar Sögu verða skýrari lengjast þeir.

Saga beitir ýmsum aðferðum til að ná tókum á minninu. Fyrir það fyrsta má nefna að hún reynir að fá upplýsingar um sjálfa sig með því að lesa í svipbrigði sinna nánustu, útlit þeirra og hreyfingar en ekki síst með því að túlka ummæli þeirra og athugasemdir sem beinast að henni. Hún líkir samvistum við fólkíð sitt við „göngu um speglasal“ (174) því „augu þeirra sýna [henni hana] sjálfa“ (174). En hún er svo illa á sig komin að hún gerir sér ekki grein fyrir „hvort spegilmyndin sé skrumskæld eða ekki“ (174) enda ljóst að ólík samskipti kalla á ólík hlutverk einstaklingsins svo aðstandendur „sjá ekki öll sömu manneskjuna“ (174).⁴³ Til dæmis les Saga hræðslu úr látæði móður sinnar en greinir óþol í sinn garð af hendi systur sinnar.

Lykt og hlutir eru meðal þess sem vekja upp gleymdar minningar hjá Sögu en í sumum tilvikum minnist hún atburða og fólks sem hún hefur ekki leitt hugann að í mörg ár. Ilmur af kjötsúpu minnir hana til dæmis á sögur sem pabbi hennar sagði henni og systkinum hennar þegar þau voru börn og hjálpuðu honum að elda slíka súpu. Minningin vekur bæði vellíðan hjá Sögu og færir henni öryggi; hún er staðfesting á að minnið er ekki alveg horfið, í kjölfarið rifjast enda upp fyrir henni ýmsar aðrar óvæntar minningar í engri sérstakri tímaröð. Það kemur þó síðar fram að minningin er ekki aljákvæð; ástæðan fyrir samvinnunni er sú að móðir Sögu hefur látið sig hverfa vegna vanlíðunar en það man Saga ekki eða kys að horfa framhjá því.

Þótt minnið komi smátt og smátt til baka efast Saga sífellt um að minningar hennar séu réttar eins og kemur skýrt fram þegar hún reynir að rifja upp við hvað hún hefur starfað:

⁴² Magnús Jóhannsson, Þórunn Anna Karlsdóttir, Engilbert Sigurðsson, „Aftur til fortíðar. Sjúkratilfelli og yfirlit um afturvirkir minnisleysi“, *Læknablaðið* 97/2011, bls. 159–164, hér bls. 159.

⁴³ Hér er vel undirstrikuð sú viðtekna skoðun að maðurinn hafi margar sjálfsmýndir, sjá til dæmis Sheldon Stryker, „Identity Theory and Personality Theory. Mutual Relevance“, *Journal of Personality* 75: 6/2007, bls. 1083–1102, hér bls. 1088–1091 og Paul John Eakin, *How Our Lives Become Stories. Making Selves*, Ithaca og London: Cornell University Press, 1999.

Ég hef alltaf unnið við stjórnun og skipulagningu í bíói, já, og eitthvað þarna í leikhúsi, jú! Eða ... Er það nokkuð hugarburður minn? Af hverju finnst mér að heilinn búi til minningar um atburði sem aldrei áttu sér stað? Bíddu, hvernig var þetta allt saman? (76)

Eins og sést efast Saga um skynjun sína og skilning og veit ekki fyrir víst hvað er satt og rétt og hvað ekki. Líkingar sem hún hefur um eigið minni vitna einnig um efan sem hún finnur fyrir og að hún treystir ekki fullkomlega því sem hún telur sig muna, samanber: „hann [Bergur] má ekki vita að minnið er gatasigti, þannig líður mér að minnsta kosti“ (28); „Mig verkjar í höfuðið af öllum þessum myndum, framandi og kunnuglegum í senn þegar þær steypast ofurskýrar yfir mig en örsnöggt eins og ég sé bilað sjónvarp“ (43); „Minnið í mér er álíka pottþétt og drukkinn stjórnmalamaður“ (145). Þá skal einnig nefnt að „annað sjálf [Sögu], fartölvan“ (117) er með vírus en skjal í henni sem „átti að heita dagbókin mín“ er bjagað en þar hafa „stafirnir hl[aupið] í hrúgur eins og ringlaðir maurar“ (117). Ástandið á tölvunni rímar sem sagt við ástandið á minni Sögu; þörf er á endurræsingu þeirra beggja eins og ein sögupersónan kemst að orði.⁴⁴

Minnisglöppurnar og líkingarnar um minni Sögu vitna um stjórnleysið sem hún finnur fyrir; það er sumpart eins og hún sé aftengd raunveruleikanum því hún man ekki fortíðina og getur þar með ekki skilið nútíðina til fulls. Þess utan er „eins og minnið sortéri minningarnar [hennar] í bærilugar og óbærilegar þegar [hún] reynir að púsla tilveru [sinni] saman.“ (82) „Óþægilegar hugsanir valda hræðilega vondum höfuðverk“ (82) en hún finnur „til líkamlegs sársauka við að beina huganum að ákveðnum hlutum“ (79) og er því „fyrirmunað að rifja þá upp“ (79). Í fyrstu kemur sársaukinn einkum þegar Saga reynir að rifja upp erfiðleikana í sambandi hennar og Bergs og skilja hvers vegna hann flutti frá henni – en heillegustu minningar hennar af þeim tveimur eru allar jákvæðar svo sambandsslitin eru henni óskiljanleg.⁴⁵ Síðar verður ljóst að erfið veikindi sonar þeirra – og áfall í æsku Sögu – eru líklega rót sambandserfiðleikanna og tengjast sársaukanum sem Saga finnur fyrir þegar hún reynir að muna hið óbærilega. Erfiðu minningarnar og sársaukinn þeim tengdur gefur tilefni til að fjalla sérstaklega um samspil

⁴⁴ Auður Jónsdóttir, *Stóri skjálfti*, bls. 168.

⁴⁵ Minningar Sögu um Berg og fortíð þeirra kallast glögglega á við brot úr söngtextanum *The Way We Were* sem Barbra Streisand söng svo eftirminnilega á sínum tíma: *Memories May be beautiful and yet/ What's too painful to remember/ We simply choose to forget / For it's the laughter/ We will remember/ Whenever we remember/ The way we were.*

tráma og minnis og skal það því gert áður en rætt verður nánar um áföllin í lífi Sögu, hvernig hún minnst þeirra og hvaða áhrif þau hafa haft á hana og hennar nánustu.

Minnið er eins og laukur

Það er algengt að fólk takist á við ýmsa atburði fortíðarinnar með afneitun og reyni að leiða hjá sér erfiðar minningar en í sumum tilvikum getur það grafið þær svo rækilega niður að þær gleymast alveg. Til dæmis er vel þekkt að fólk geti gleymt trámatískum atburði að hluta eða í heilu lagi.⁴⁶ Í tilviki Sögu er afturvirka minnisleysið bæði afleiðing floganna og einkenni áfallastreituröskunar sem tráma getur leitt af sér. Eftir því sem líður á söguna verður nefnilega ljóst að Saga hefur upplifað ýmis trámu en þau helstu tengjast veikindum hennar og stjórnleysinu sem þau fela í sér, skilnaðinum við Berg, alvarlegum veikindum sonar hennar og systurmissi í bernsku. Trámatískur atburður felur í sér sársaukafulla reynslu en dæmi um slíka atburði eru alvarleg veikindi og að sjá einhvern nákominn sér láta lífið rétt eins og Saga hefur mátt reyna.⁴⁷ Tráma eða sálrænt áfall⁴⁸ hefur verið skilgreint sem svo að „reynsla verði áfall þegar menn ná ekki að skilja – þ.e. ná ekki að sundurgreina (e. *dissociate*) – alla þætti hennar“.⁴⁹ Það er misjafnt hvernig fólk vinnur úr trámatískri reynslu. Með hjálp sköpunarhæfni og sveigjanleika tekst sumum að laga sig að skelfilegum aðstæðum en aðrir kunna að þróa með sér áfallastreituröskun (e. *post-traumatic stress disorder (PTSD)*)⁵⁰ en hún hefur verið skilgreind á þá leið að persóna „reynði, varð vitni að eða mætti atburði eða atburðum sem fólu í sér raunverulegan eða yfirvofandi dauða,

⁴⁶ Bessel A. van der Kolk, *The Body Keeps the Score. Brain, Mind, and Body in the Healing of Trauma*, New York: Penguin Books, 2015, bls. 191.

⁴⁷ Sjá til dæmis Bessel A. van der Kolk, „Posttraumatic stress disorder and the nature of trauma“, *Dialogues in clinical neuroscience* 2: 1/2000, bls. 7–22, hér bls. 7. Dæmi um aðra trámatíska atburði eru líkamsárásir, kynferðislegt ofbeldi, stríð, slys og náttúruhamfarir. Sama heimild, bls. 7.

⁴⁸ Hér verður jöfnum höndum talað um tráma og áfall sem sama fyrirbærið.

⁴⁹ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Óvistlegar herbergiskytrur. Um rými og annan hluta bókarinnar *Af manna völdum*“, *Hug/raun. Nútímabókmenntir og hug/en fræði*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015, bls. 111–132, hér bls. 129.

⁵⁰ Bessel A. van der Kolk og Alexander C. McFarlane, „The Black Hole of Trauma“, *Traumatic Stress. The Effects of Overwhelming Experience on Mind, Body, and Society*, ritstjórar Bessel A. van der Kolk, Alexander C. McFarlane og Lars Weisaeth, 1996, bls. 3–23, hér bls. 3.

alvarlegan skaða eða ógnun við heilsu persónunnar sjálftrar eða annarra“.⁵¹ Það er afar misjafnt hvernig fólk með áfallastreituröskun minnst sálrænna áfalla. Sumir virðast til dæmis muna eftir atburðinum í smæstu smáatriðum á meðan reynslan er alveg hulin öðrum. Þá eru það þeir sem segjast jafnvel upplifa hvort tveggja; þeir muna í fyrstu ekki eftir áfallinu en síðan rifjast það upp smátt og smátt og minningin af því verður æ nákvæmari.⁵²

Í bókinni *The Body Keeps the Score* bendir geðlæknirinn Bessel van der Kolk á að hvort við munum eftir tilteknum atburði yfir höfuð og hversu nákvæmlega fari einkum eftir því hversu mikið atburðurinn kemur okkur persónulega við og hve tengdar minningarnar eru tilfinningum en því sterkari tilfinningaleg tengsl því meiri líkur eru á að atburðurinn geymist í minninu.⁵³ Samkvæmt van der Kolk er þetta þó aðeins satt og rétt upp að ákveðnu marki því þegar einstaklingur stendur andspænis skelfingu, einkum þeirrar sem skapast vegna óumflýjanlegs áfalls, bregst minniskerfið.⁵⁴ Fyrir vikið minnst einstaklingurinn áfallsins á annan hátt en annarrar reynslu. Van der Kolk telur semsagt að trámaminni, það er „minni um atburð sem hefur orðið tiltekinni persónu áfall“⁵⁵, sé öðruvísi en annað minni.⁵⁶

⁵¹ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Óvistlegar herbergiskytrur“, bls. 129. Lýsingin er bein þýðing Bergljótar Soffíu úr grein eftir Bessel A. van der Kolk, James W. Hopper og Janet E. Osterman en á ensku hljómar tilvitnunin svona: „the person experienced, witnessed or was confronted with an event or events that involved actual or threatened death or serious injury, or a threat to the physical integrity of self or others“. Bessel A. van der Kolk, James W. Hopper og Janet E. Osterman, „Exploring the Nature of Traumatic Memory. Combining Clinical Knowledge with Laboratory Methods“, *Trauma and Cognitive Science. A Meeting of Minds, Science and Human Experience*, ritstjórar Jennifer J. Freyd og Anne P. DePrince, New York: The Haworth Maltreatment og Trauma Press, 2001, bls. 9–32, hér bls. 11.

⁵² Bessel A. van der Kolk, „Trauma and Memory“, *Traumatic Stress. The Effects of Overwhelming Experience on Mind, Body, and Society*, ritstjórar Bessel A. van der Kolk, Alexander C. McFarlane og Lars Weisaeth, 1996, bls. 279–302, hér bls. 282–284. Tekið skal fram að algengur fylgifiskur tráma eru ágengar minningar um atburðinn. Slíkar minningar geta tekið á sig mörg ólík form en til dæmis geta þær falið í sér tíð endurlit, tilfinningar eins og reiði og kvíða, martraðir, svefnleysi og ýmis líkamleg einkenni. Bessel A. van der Kolk og Alexander C. McFarlane, „The Black Hole of Trauma“, bls. 5–15.

⁵³ Bessel A. van der Kolk, *The Body Keeps the Score*, bls. 177. Hann nefnir til dæmis að flestir muni enn atburðina sem áttu sér stað 11. september 2001 en ekki endilega hvað gerðist 10. september sama ár. Sama heimild, bls. 177.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 178.

⁵⁵ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Óvistlegar herbergiskytrur“, bls. 129.

⁵⁶ Bessel A. van der Kolk, „Trauma and Memory“, bls. 282. van der Kolk og samstarfsmenn hans hafa útbúið mælitæki sem þeir kalla *Traumatic Memory Inventory*

Van der Kolk og samstarfsmenn hans hafa lengi rannsakað tráma og minni en rannsóknir þeirra byggja á viðtölum við skjólstaðinga, lífeðlislegum rannsóknum og reynslu annarra geðlækna og sálfræðinga.⁵⁷ Þeir líta svo

sem er ætlað að kanna muninn á trámamningum og minningum sem ekki tengjast tráma. Bessel A. van der Kolk, James W. Hopper og Janet E. Osterman, „Exploring the Nature of Traumatic Memory. Combining Clinical Knowledge with Laboratory Methods“, *Journal of Aggression, Maltreatment and Trauma* 4: 2/2001, bls. 9–31, hér bls. 14–18. Vert er að nefna að Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir hafa allar fjallað um kenningar Bessel A. van der Kolk og samstarfsmanna hans í tengslum við bókmenntir og/eða kvikmyndir. Sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Óvistlegar herbergiskytrur“, bls. 129–131; Dagný Kristjánsdóttir, „Barnaleikur. Um tráma, minni og gleymsku í *Jójó* eftir Steinunni Sigurðardóttur“, *Skírnir* vor/2013, bls. 178–195, hér bls. 184–188; Guðrún Steinþórsdóttir, „„sambýliskonur [...] í sama kroppi, í sama höfði, í sama blóði“. Um samband Disu og Gríms í *Disuögu* eftir Vigdísí Grímsdóttur“, *Ritið* 1/2019, bls. 41–78, hér bls. 51–53; Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Hann er bara á vondum stað“. Reimleikahús í kvikmyndinni *Rökkri* eftir Erling Óttar Thoroddsen“, bls. 132 og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Tveggja hæða hús á besta stað í bænum“. Um *Húsið* eftir Egil Eðvarðsson“, *Ritið* 2/2019, bls. 135–172, hér bls. 157–160. Þá skal tekið fram að hérlendis hafa ýmsir skrifað um tráma og íslenskar nútímabókmenntir en til viðbótar við fyrrnefndar greinar má nefna: Alda Björk Valdimarsdóttir, „Vera Hertzsch. Dæmisögur um siðferði skálds“, *Skírnir* vor/2007, bls. 36–60; Dagný Kristjánsdóttir, „Sár. Um stríð, trámu og salamöndrur“, *Rúnir: Greinasafn um skáldskap og fræðastörf Álfrúnar Gunnlaugsdóttur*, ritstjóri Guðni Elísson, Reykjavík: Bókmenntastofnun Háskóla Íslands, 2010, bls. 17–30; Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Tregðan í frásögninni. Yfir Ebrófljótið“, *Rúnir: Greinasafn um skáldskap og fræðastörf Álfrúnar Gunnlaugsdóttur*, ritstjóri Guðni Elísson, Reykjavík: Bókmenntastofnun Háskóla Íslands, 2010, bls. 129–141; sama, „Vitnisburður um veruleikann. Um nokkur íslensk sjálfsævisöguleg verk 2010–2015“, *Skírnir* haust/2015, bls. 304–320, hér bls. 311–313 og Daisy Neijmann, „Hringsól um dulinn kjarna. Minni og gleymka í þrileik Ólafs Jóhanns Sigurðssonar“, *Ritið* 1/2012, bls. 115–139. Auk þess skal nefnt að Gunnþórunn Guðmundsdóttir fjallar um tráma og minni í greininni „Blekking og minni. Binjamin Wilkomirski og helfararfrásagnir“, bls. 39–51.

⁵⁷ Sjá til dæmis Bessel A. van der Kolk, „Trauma and Memory“, bls. 287; Bessel A. van der Kolk, *The Body Keeps the Score*, bls. 178–185; Bessel A. van der Kolk, James W. Hopper og Janet E. Osterman, „Exploring the Nature of Traumatic Memory. Combining Clinical Knowledge with Laboratory Methods“, bls. 9–31; Bessel A. van der Kolk og Onno van der Hart, „The Intrusive Past. The Flexibility of Memory and the Engraving of Trauma“, *Trauma. Explorations in Memory*, ritstjóri Cathy Caruth, Baltimore: The Johns Hopkins University Press, 1995, bls. 158–182. Tekið skal fram að Van der Kolk og félagar hans byggja meðal annars þekkingu sína á tráma og minni á skrifum Pierre Marie Félix Janet (1859–1947) frá lokum níjándu aldar. Sjá til dæmis Bessel A. van der Kolk og Onno van der Hart, „The Intrusive Past. The Flexibility of Memory and the Engraving of Trauma“, bls. 158–182. Á íslensku hefur Dagný Kristjánsdóttir gert góða grein fyrir skrifum van der Kolk og

á að trámaminni sé brotakenndara en annað minni. Í upphafi eru brotin sem einstaklingur man gjarnan einangruð og tengd ákveðinni skynjun, til dæmis ímynd, lykt, hljóði, hreyfingu eða tilfinningum;⁵⁸ en „umhverfið getur vakið upp minningar um áfallið þegar það tengist þessum afmörkuðu atriðum“.⁵⁹ Þá er algengt að einstaklingur geti ekki sett í orð hvað hefur komið fyrir hann; hann hafi með öðrum orðum ekki frásagnarminni (e. *narrative memory*) um áfallið og skiptir þá engu hvort hann hafi alltaf vitað að hann hafi orðið fyrir tráma eða hvort trámatíska reynslan hafi í fyrstu verið honum hulin en rifjast upp síðar meir.⁶⁰ Bókmenntafræðingurinn Cathy Caruth er á svipuðum slóðum.⁶¹ Hún segir að einkennandi fyrir tráma sé að það rjúfi sögu og tíma. Einstaklingur meðtaki ekki trámatíska atburðinn til fulls þegar hann á sér stað en trámað snúi síðan aftur og ásæki hann síðar meir til dæmis

van der Hart um kenningar Janet. Dagný Kristjánsdóttir, „Barnaleikur. Um tráma, minni og gleymsku í *Júú* eftir Steinunni Sigurðardóttur“, bls. 184–188.

⁵⁸ Bessel A. van der Kolk, James W. Hopper og Janet E. Osterman, „Exploring the Nature of Traumatic Memory. Combining Clinical Knowledge with Laboratory Methods“, bls. 16.

⁵⁹ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Óvistlegar herbergiskytrur“, bls. 129.

⁶⁰ Bessel A. van der Kolk, James W. Hopper og Janet E. Osterman, „Exploring the Nature of Traumatic Memory. Combining Clinical Knowledge with Laboratory Methods“, bls. 16. Þetta kallast á við kenningar Elaine Scarry um sársauka en hún segir að sársauki – einkum sársauki vegna pyntinga – „eyðileggi heiminn“ það er að segja komi í veg fyrir að hægt sé að færa í orð og lýsa líðaninni og þar með merkingunni sem sársaukinn veldur. Elaine Scarry, *The Body in Pain. The Making and Unmaking of the World*, New York: Oxford University Press, USA, 1987, bls. 4. Dagný Kristjánsdóttir hefur fjallað um þversögn trámans en hún segir: „Trámað kemur fólki að óvörum en að auki felur það í sér eitthvað yfírgengilegt, eitthvað ofbjóðanlegt, og spyrjum við hvað það sé verður oft fátt um svör. Það er vegna þess að hin trámatíska reynsla er ekki aðgengileg. Fólk veit af áfallinu og vill eða verður að segja frá því sem gerðist, bera vitni, vara aðra við og/eða kalla einhvern til ábyrgðar. En stundum hefur fólk óljósa mynd af því sem gerðist. Það er eins og það sé bæði til staðar og fjarverandi. Það vantar eitthvað í söguna. Þversögn trámans er einmitt það minnisleysi og rangminni sem gera frásögn fórnarlambins ótrúverðuga.“ Dagný Kristjánsdóttir, „Sár. Um stríð, trámu og salamöndrur“, bls. 23. Í skrifum sínum um tráma vísar Dagný til greinar Janet Walker, „The Traumatic Paradox. Autobiographical documentary and the psychology of memory“, *Contested Pasts. The Politics of Memory*, ritstjórar Katharine Hodgkin og Susannah Radston, New York: Routledge, 2003, bls. 117–132.

⁶¹ Mikið hefur verið skrifað um tráma og bókmenntir en Cathy Caruth er frumkvöðull á því sviði. Hún hefur til dæmis skrifað bækurnar *Unclaimed Experience. Trauma, Narrative and History* (1996) og *Listening to Trauma. Conversations with Leaders in the Theory and Treatment of Catastrophic Experience* (2014) auk þess sem hún ritstýrði greinasafninu *Trauma. Explorations in Memory* (1995).

í ímyndum, draumum, óvelkomnum endurlitum og hugsunum. Minningin um trámað sé því ekki aðgengileg á sama hátt og aðrar minningar.⁶²

Skjólstæðingar van der Kolk og félagar hafa lýst upplifun sinni af endurheimtingu trámatískra minninga svo að í upphafi hafi þeir munað trámað í formi tiltekinnar skynjunar sem hafi birst þeim í leiftrum eða stökum brotum. Til að byrja með hafi leiftrin verið bundin einu skynáreiti í senn en eftir því sem meðvitundin um trámað hafi orðið meiri því fleiri skynáreiti hafi komið til þeirra samtímis. Þá hafi hæfnin til að segja frá trámanu, frásagnarminnið, aukist jafnt og þétt.⁶³ Bessel A. van der Kolk og Otto van der Hart hafa einmitt bent á að eitt einkenni trámaminnis séu erfiðleikar með að búa til heildstæða frásögn af áfallinu því til að byrja með geti hún tekið margar klukkustundir í flutningi en eftir því sem einstaklingur nær betri tökum á minningunni tekst honum að móta hana og segja frá henni á mun styttri tíma.⁶⁴ Þegar fólk fer að öðlast heildstæðari mynd af því sem gerst hefur, byrjar að raða minningabrotunum saman og segja frá trámanu verður það smám saman hluti af sjálfsævisögulegu minni þess.⁶⁵ Og rétt eins og gerist með annað sjálfsævisögulegt minni er þá líklegt að einstaklingur noti ímyndunaraflið til að fylla inn í eyðurnar til að búa til enn fyllri og skýrari mynd af því sem hefur hent hann.

⁶² Cathy Caruth, „Trauma and Experience. Introduction“, *Trauma. Explorations in Memory*, ritstjóri Cathy Caruth, Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press, 1995, bls. 3–12, hér bls. 4–5. Sem dæmi um góða íslenska bókmenntagreiningu á þessum nótum má nefna grein Gunnþórunnar Guðmundsdóttur, „Tregðan í frásögninni. Yfir Ebrófljótið“, bls. 129–141. Tekið skal fram að Sigrún Margrét Guðmundsdóttir hefur gert góða grein fyrir hvernig myndmál áfallafræða er að einhverju leyti sótt til gotneskrar hefðar en hún hefur til dæmis fjallað um hvernig tráma birtist gjarnan í formi afturgangna í kvikmyndum og bókmenntum. Sigrún Margrét segir: „Reimleikarnir hegða sér á sama hátt og áföll, eitthvað hrindir af stað draugum fortíðarinnar sem taka að ásækja sögupersónur. Heilinn verður andsetinn af minningum sem birtast sem reimleikar í húsum manna í skáldskap. Rof verður á milli veruleikans eins og persónurnar þekkja hann vegna þess að reimleikarnir tilheyra öðru sviði.“ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Hann er bara á vondum stað“. Reimleikahús í kvikmyndinni *Rökkri* eftir Erling Óttar Thoroddsen“, bls. 132–133. Sjá einnig umfjöllun Sigrúnar Margrétar um tengsl áfalla við gotneskt myndmál, „Tveggja hæða hús á besta stað í bænum“. Um *Húsið* eftir Egil Eðvarðsson“, bls. 156–163.

⁶³ Bessel A. van der Kolk, „Trauma and Memory“, bls. 287–289; Bessel A. van der Kolk, James W. Hopper og Janet E. Osterman, „Exploring the Nature of Traumatic Memory. Combining Clinical Knowledge with Laboratory Methods“, bls. 16.

⁶⁴ Bessel A. van der Kolk og Onno van der Hart, „The Intrusive Past. The Flexibility of Memory and the Engraving of Trauma“, bls. 163.

⁶⁵ Sama heimild, bls. 176.

Ímyndunaraflið getur einnig haft áhrif á minningar einstaklings um tráma þegar það er þaggað niður og ekki rætt, hvort sem viðkomandi kýs það sjálfur eða getur ekki nálgast minningar um það. Dori Laub, sérfræðingur í trámafræðum⁶⁶, segir í skrifum um tráma, með hliðsjón af helfararfrásögnum, að þeir eftirlifendur helfararinnar sem kusu að þegja um reynslu sína hafi orðið fórnarlömb brenglaðs minnis. Í þögninni hafi skapast endalausar ranghugmyndir og sjálfsblekkingar um hvað gerðist í raun og veru en því lengur sem viðkomandi þagði um reynslu sína því afbakaðri urðu hugmyndir hans um hana. Í sumum tilvikum urðu minningarnar svo skakkar að einstaklingurinn efaðist um að tramatísku atburðirnir hefðu í raun átt sér stað.⁶⁷ Þótt skrif Laub eigi við um eftirlifendur helfararinnar má yfirfæra þau á aðra þolendur tráma og þær ranghugmyndir sem þeir kunna að þróa með sér í kjölfar áfalls.⁶⁸

Eins og fyrr var nefnt er allt minni Sögu afar brotakennt eftir flogaköstin en henni reynist erfiðast að ná upp í vitundina minningum um tramatíska reynslu. Sársaukinn sem hún finnur fyrir þegar hún reynir að rifja upp erfiðar minningar vitnar um að hún veit aðeins að eitthvað hræðilegt hefur gerst í fortíðinni en ekki nákvæmlega hvað eða hvers vegna. Hún hefur sem sagt ekki frásagnarminni um atburðina. Minnið hjá Sögu er samt „eins og laukur, við hvert lag sem er skrælt í burtu kemur nýtt í ljós“⁶⁹ það er að segja

⁶⁶ Geðlæknirinn og sálgreinirinn Dori Laub (1937–2018) var brautryðjandi í trámarannsóknum en hann lagði sig einkum fram við að kanna tráma með hliðsjón af helfararfrásögnum. Sjálfur lifði hann helförina af sem barn en á fullorðinsárum tók hann yfir hundrað viðtöl við eftirlifendur helfararinnar. Hann skrifaði meðal annars bókina *Testimony. Crises of Witnessing in Literature, Psychoanalysis and History* (1991) í samvinnu við Shoshana Felman. Í skrifum um tráma lagði Laub áherslu á mikilvægi þess að fólk fengi tækifæri til að tala um trámað sem það hefði upplifað og að hlustað væri gaumgæfilega á það og reynsla þess viðurkennd. Samanber Dori Laub, „Truth and Testimony. The Process and the Struggle“, *Trauma. Explorations in Memory*, ritstjóri Cathy Caruth, Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press, 1995, bls. 61–75.

⁶⁷ Dori Laub, „Truth and Testimony. The Process and the Struggle“, bls. 64.

⁶⁸ Í sumum tilvikum kunna ranghugmyndirnar að verða svo ríkjandi að einstaklingur kennir sjálfum sér um tramatíska atburðinn. Í þessu samhengi má til dæmis minnst þeirra brotaþola nauðgana sem telja sig ábyrga fyrir glæpnum sem á þeim er framinn. Samanber Rannveig Sigurvinsdóttir, „„Þú veist þú vilt það“. Skýringar á kynferðisofbeldi á samfélagsmiðlum“, *Ritið* 3/2018, bls. 151–171, hér bls. 153.

⁶⁹ Hér er vitnað beint til orða úr hugvekju eftir Auði Jónsdóttur sem fjallar um skrif og minni; í réttu samhengi hljóma orðin svona: „Mig rámar í danska skáldkonu sem minntist vinar síns sem hefur alltaf skrifað sjálfsævisögulega um barnæskuna og man fyrir vikið meira en flestir eftir barnsárunum því minnið er eins og laukur,

eitt leiftur sem tengist erfiðum atburði – eða tráma – glæðir fleiri leiftur um atburðinn. Þá kallar einnig ein minning um tráma á minningu um annan erfiðan atburð; en minningin um það alsárasta – systurmissinn – verður síðast ljós. Anne Whitehead, höfundur bókarinnar *Trauma Fiction*, segir að skrif um tráma líkist gjarnan einkennum tráma sem gerir það að verkum að skipun atburða sé oft ekki í tímaröð og endurtekningar og stefnuleysi sé einkennandi.⁷⁰ Það á vel við um *Stóra skjálfta* en í heilu lagi minnir frásögnin á tilraun einstaklings til að búa til heildstæða frásögn af fyrri áföllum.

Ýmsir þættir úr umhverfinu ýfa upp brotakenndar minningar Sögu um erfiðleikana í fortíð hennar en hún er þó ekki alltaf meðvituð um að minningabrotin sem vakna tengist ákveðnum áföllum. Þar með verða bæði Saga og lesendur að tengja saman ólíkar hugsanir hennar, leiftur sem henni birtast og sársauka þeim tengdum til að öðlast skilning á hvað hefur gerst í fortíðinni. Til að skoða þetta ferli betur má taka dæmi af því hvernig vitneskjan og minningar um veikindi Ívars verða Sögu sífellt skýrari eftir því sem líður á söguna.

Þegar Saga er nýkomin heim af spítalanum eftir flogaköstin leiða óhreinindi í glugga á heimili hennar hugann að myglusvepp en lengra nær hugsunin ekki því „[s]tingurinn í höfðinu magnast, [og] óp brýst upp úr líkamanum“ (31). Líkamlegi sársaukinn vitnar um að minning um myglusvepp tengist áfalli. Stuttu síðar er lesendum gefin vísbending um að Saga óttist um líf Ívars því þegar henni verður litið út um glugga og sér stálpuð börn stytta sér leið yfir stóra umferðargötu fyllist hún skelfingu um að sonur hennar kunni að apa hegðunina eftir. Henni finnst hún knúin til að stöðva hegðun krakkanna því eins og hún hugsar sjálf: „Ég verð að stoppa þetta, stoppa, stoppa, stoppa!“ (33). Sítekningin á orðinu „stoppa“ minnir á öran hjartslátt og undirstrikar þannig óttann sem Saga finnur fyrir.⁷¹ Hræðslan

við hvert lag sem er skrælt í burtu kemur nýtt í ljós. Þannig getum við verið líkust vísindamönnum ef við skrifum upp úr eigin minningum, að rannsaka vitundina, og þannig hjálpa skrif til dæmis eldra fólki með ellið, rétt eins og þau geta hjálpað barni eftir áfall.“ Auður Jónsdóttir, „Við erum stöðugt að skálda lífið“, bls. 112. Að líkja minninu við lauk minnir á orð Shrek, úr samnefndri kvikmynd frá árinu 2001, um að tröll hafi ótal lög eins og laukar: „ogres are like onions! [...] Onions have layers. Ogres have layers.“ Ummæli Shreks gefa til kynna að tröll – rétt eins og minnið og laukar – séu margþættari en þau kunna að virðast vera við fyrstu sýn.

⁷⁰ Anne Whitehead, *Trauma Fiction*, Edinburgh: Edinburgh University Press, 2004, bls. 3.

⁷¹ Nefit skal að Edgar Allan Poe notar þetta stílbragð í smásögunni „Hjartslátturinn“ en þar styttest setningar sögumannsins eftir því sem hann verður óttaslegnari þannig að þær minna á öran hjartslátt. Edgar Allan Poe, „Hjartslátturinn“, þýðandi

er síðan staðfest enn frekar með lýsingu á óbærilegum verkjum: „Þetta er svo djöfulega sárt. Stingur ristur sundur höfuðið. Ég verð að hætta að hugsa svona. Hætta því! Núna! Höfuðið er að springa, þrýstingurinn hræðilegur. Ég er að deyja“ (33). Sársaukinn sem Saga finnur fyrir er sá hinn sami og hugsunin um myglusveppinn kallaði fram – í báðum tilvikum er um sting í höfði að ræða – en því má ætla að óttinn um Ívar tengist myglusveppnum en einskorðist ekki við almenna hræðslu foreldris um að barn kunni ekki allar umferðarreglur til hlítar. Þau tengsl eru síðan staðfest tveimur köflum síðar þegar Jóhanna, systir Sögu, rifjar upp alvarleg veikindi Ívars og að hún hafi vonað að þau stöfuðu af myglusveppnum í íbúðinni sem Saga og Bergur bjuggu í. Þá verður fyrst ljóst að Saga man *ekki* eftir veikindum Ívars en orð systur hennar ýfa upp hjá henni brotakennd leiftur tengd tilfinningum og stökum ímyndum:

Skelfingin frystir hverja frumu í líkama mínum. (65)

Hvert orð hljómar eins og slitur úr gleymdum draumi; það hreyfir við minningunum svo óljósum svipmyndum bregður fyrir, surg í Ívari í myrkri um nótt. Er þetta einhver bíómynd sem ég á að hafa séð? (66)

Mig langaði að vita meira, miklu meira, um þennan hroða í Ívari. Mig rámar aðeins óljóst í að hafa farið með hann á barnaspítalann, man samt eftir því að hafa staðið yfir honum þar sem hann lá á bekk með undarlegt tæki fyrir vitunum og andaði að sér einhverju sem minnir mig á ískristalla, við minningarleiftrið þyngist höfuðið eins og svampur í slýtjörn. Mér sortnar fyrir augum, óttinn blindar mig. [...]

Ég reyni að sjá atburðina fyrir mér og það verður til þess að ég anda sjálf að mér ískristöllum, líkaminn hafnar myndinni, þessi mynd á ekki heima í höfðinu á mér, þrumar hjartað og brýst um eins og niðurreyrður fangi. Ég reyni að ná valdi á andardrættinum, tekst það ekki fyrr en myndin fjarar út. (75)

Saga veit að hún á að muna eftir veikindum Ívars og þorir þess vegna ekki að viðurkenna minnisleysið fyrir systur sinni. Leiftrín sem vakna eiga það sameiginlegt að tengjast ákveðinni skynjun; tilfinningu, hreyfingu og ímynd;

Þórbergur Þórðarson, *Ólíkar persónur. Fyrstu ritverk í óbundnu máli 1912–1926*, Reykjavík: Ljóðhús, 1976, bls. 203–212, hér einkum bls. 211–212.

en Sögu tekst þó ekki að setja saman heildstæða minningu. Lýsingin á líkamlegri vanlíðan hennar ber vott um að reynslan af veikindum Ívars sé of sársaukafull til þess að hún geti náð minningunni fullmótaðri upp í meðvitundina. Henni tekst aðeins að muna að Ívar hefur verið veikur en ekki hvað amaði að.

Saga öðlast ekki fullkomið frásagnarminni um trámað fyrr en hún játar minnisleysið fyrir systur sinni og biður hana um að fylla inn í minniseyðurnar. Þá loksins fær hún á hreint að þegar Ívar fær bólgu í barkann þarf hann að fara á barnaspítalann „því það getur lokast fyrir öndunarveginn“ (170) og að „í eitt skipti mátti ekki tæpara standa að koma honum á spítalann, hann þurfti að fara með sjúkrabíl“ (170). Frásögn Jóhönnu vekur upp skýra minningu hjá Sögu, hún man veikindi Ívars og að Bergur hafi ekki brugðist eins hratt við aðstæðum og hún taldi æskilegt þegar kalla þurfti á sjúkrabíl fyrir Ívar. En þótt minning um einn trámatískan atburð sé orðin hluti af sjálfsævisögulega minni Sögu man hún ekki allt. Hún veit til dæmis ekki hvers vegna hún og Bergur eru skilin. Samkvæmt Jóhönnu var það hennar ákvörðun, hún hafði myndað óþol gagnvart Bergi en umfram allt hafði hún ekki treyst honum fyrir Ívari eftir að hann greindist með barkabólguna. Það má því segja að eitt tráma; alvarleg veikindi sonar; hafi verið orsök annars; skilnaðar Sögu og Bergs. Tedda, vinkona Sögu, telur að ástæðan fyrir því að Saga finni fyrir jákvæðum tilfinningum í garð Bergs og vilji hann aftur eftir flogaköstin sé einkum sú að hún treystir ekki sjálfri sér fyrir barninu vegna eigin veikinda. En hvers vegna treysti Saga ekki Bergi fyrir flogaköstin? Í samtali við Jóhönnu verður ljóst að best falda trámað úr fortíð Sögu, systurmissirinn, kann að vera orsökinn fyrir vantraustinu. Frásagnir Jóhönnu af fortíðinni draga bæði fram hvaða áhrif tráma getur haft á heila fjölskyldu og ekki síst hve óáreiðanlegt fyrirbæri minnið er.

Kjarni lauksins

Það er afar erfitt að orða trámatíska reynslu því eins og bent hefur verið á tekur það einstakling tíma að ná tökum á frásagnarminninu og búa til heildstæða frásögn um áfallið. Engan skyldi því undra að sumir þeirra sem eiga erfða reynslu að baki kjósi að nýta sér þögnina og þegi um trámað gagnert til að vernda sjálfa sig og ná stjórn á sorginni, sársaukanum, óttanum og sektarkenndinni sem tengjast gjarnan áfallinu. Þótt þögnin geti orkað sem varnarhjúpur og þar með verið bjargræði getur hún einnig haft neikvæðar afleiðingar því svo lengi sem einstaklingur þegir yfir leyndarmáli eða

bælir upplýsingar og/eða minningar um erfiða reynslu er hann að sínu leyti í stríði við sjálfan sig. Það tekur nefnilega ómælda orku að fela kjarnatilfinningar (e. *core feelings*) í sömu mund og það getur haft ýmis neikvæð áhrif á líkamann og geðheilsuna. Þegar einstaklingur viðurkennir rót vandans getur hann orðið meðvitaðri um að tiltekin vanlíðan og ákveðnar tilfinningar séu afleiðingar áfallsins en fyrir vikið er hann betur í stakk búinn til að takast á við trámað og láta sér líða betur.⁷²

Þetta á vel við um Sögu því eftir því sem hún nær tókum á fleiri minningum um fyrri trámu og gefur sér tíma og rými til að hugsa um þau því betur gengur henni að skilja sjálfa sig, hegðun sína og líðan auk þess sem sársaukinn minnkar til muna. Tráma hefur sjaldnast aðeins áhrif á einstaklinginn sem fyrir því verður heldur snertir það einnig oftast þá sem næst honum standa en í sumum tilvikum getur áfall eins rifjað upp áfall annars.⁷³ Með tilliti til Sögu er ljóst að flogaköstin hafa ekki aðeins áhrif á hana sjálfa heldur einnig á daglegt líf flestra fjölskyldumeðlima hennar og líðan þeirra. Af þeim verður móðir hennar, Kristín, verst úti því veikindin ýfa upp minningar um annað fjölskylduáfall sem markvisst hefur verið þaggað niður.⁷⁴

Lýsingar á útliti Kristínar og líkamsástandi gefa vísbendingar um vanlíðan hennar vegna veikinda Sögu: hún er „fól af áhyggjum og samankreppt“ (18), er með „[á]hyggjuhrukk[u] yfir íbjúgu nefinu“ (20) og [h]árinu [er]

⁷² Bessel A. van der Kolk, *The Body Keeps the Score*, bls. 233–234; Maria Ritter, „Silence as the Voice of Trauma“, *The American Journal of Psychoanalysis* 74: 2/2014, bls. 176–194, hér bls. 180; Rita Charon, *Narrative Medicine*, Oxford: Oxford University Press, 2006, bls. 65; Aphrodite Matsakis, „Trauma and It’s Impact on Families“, *Handbook of Stress, Trauma, and the Family*, ritstjóri Don R. Catherall, New York og Hove: Brunner–Routledge, 2004, bls. 15–32, hér bls. 21. Þetta kallast á við reynslu Dori Laub af því að taka viðtöl við eftirlifendur helfararinnar. Í skrifum um þá og trámu þeirra segir Laub að til að komast lífs af hafi það verið þolendunum nauðsynlegt að fá tækifæri til að segja sögu sína til fulls. Þá bendir hann á að innra með hverjum eftirlifanda búi þörf fyrir að segja frá reynslu sinni til þess að skilja sjálfan sig betur og halda áfram með lífið. Hann nefnir engu að síður að til þess að það sé mögulegt þurfi viðkomandi að gangast við draugum fortíðarinnar og ræða þá en ekki grafa þá niður – það geti þó tekið áratugi. Dori Laub, „Truth and Testimony. The Process and the Struggle“, bls. 63–64.

⁷³ Aphrodite Matsakis, „Trauma and It’s Impact on Families“, bls. 15.

⁷⁴ Katrín Jakobsdóttir hefur bent á að eitt af leiðarminnunum í verkum Auðar Jónsdóttur eru samskipti dætra og mæðra með öllum þeim vandræðum sem þeim fylgja. Katrín Jakobsdóttir, „Mömmur, ömmur, dætur. Hugleiðing um sköpun kvenna í sögum Auðar Jónsdóttur“, *Skírnir* haust/2014, bls. 301–322, hér bls. 301. Þótt *Stóri skjálfti* hafi komið út eftir að Katrín skrifaði sína grein á sagan það sameiginlegt með fyrri verkum Auðar að fjallað er um flókin samskipti mæðra og dætra en þau eru þó ekki sérstaklega til umfjöllunar í þessari grein.

hrúgað í sátu en ekki blásið upp í úthugsaða lokka eins og vanalega“ (20). Þá getur hún „ekki dulið þreytuna, streitan situr föst í andlitsdráttunum“ (55) og „hana verkjar í kroppinn [...] [en hana] verkar alltaf þegar hún er þreytt“ (20).⁷⁵ Fljótlega eftir að Saga útskrifast af spítalanum lætur Kristín sig hverfa en vegna minnisvandráðanna veit Saga ekki hvers vegna. Hvarfið kemur hvorki föður hennar né systkinum á óvart því í ljós kemur að þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Kristín hverfur. Veikindi Sögu hafa vakið upp minningar hennar um fyrri áföll og um leið ýft upp neikvæðar tilfinningar og vanlíðan sem þeim tengjast. Áföllin sem hér um ræðir eru annars vegar fyrri krampaköst Sögu og hins vegar lát Katrínar, systur Sögu, sem lést aðeins tveggja mánaða gömul. Innan fjölskyldunnar hefur aldrei verið rætt um dauða Katrínar og orsök hans heldur hefur þögnin markvisst verið notuð sem vernd, aðferð til að lifa af missinn. Samkvæmt Jóhönnu tókst öllum í fjölskyldunni „að gleyma til að geta haldið áfram að lifa“ (196) það er öllum nema Kristínu sem „týndist alltaf á haustin, þegar það tók að dimma“ (196). Þegar Saga fær flogaköstin í upphafi bókar hefur Kristín ekki „týnst“ í fjölda ára. Tíminn, umhverfið og lífshættuleg veikindi Sögu eiga þátt í að vekja upp ótta Kristínar um að missa annað barn sem leiðir til þess að hana verkjar í skrokkinn og tekur upp fyrri iðju þegar hún bókstaflega „forðast að hugsa eða tala um það sem gerðist, hitta fólk sem tengist atburðinum eða forðast staðinn þar sem áfallið átti sér stað“.⁷⁶ Hegðun Kristínar er með öðrum orðum skýrt dæmi um áhrif áfallastreituröskunar á einstakling. Ólíkt Sögu sem hefur takmarkaðar minningar um trámu fortíðarinnar man Kristín þau of vel en með því að láta sig hverfa viðheldur hún þögguninni sem ríkt hefur í fjölskyldunni um fyrri áföll.

Í sögunni gegnir hvarf Kristínar svipuðu hlutverki og flogaköstin því það neyðir Sögu til að rifja upp erfiða reynslu úr fortíðinni vilji hún skilja nútíðina. Fyrir flogaköstin ræddi Saga ekki um Katrínu við nokkurn mann og eftir þau man hún ekki einu sinni eftir því að hafa átt yngri systur. Sem fyrr

⁷⁵ Tekið skal fram að Auður hefur áður lýst viðbrögðum móður við flogaveiki dóttur en það gerði hún eftirminnilega í sögunni *Ósjálfrátt*, þar segir að: móðirin „veslaðist upp í hvert skipti sem barnið vaknaði á bráðavaktinni með storknaða froðu í munnavikunum og blóðugan hárfloka eftir að hafa skallið á hausinn úti á miðri götu eða flogið í loftköstum niður stiga. Í hvert skipti sem Mamma fékk símtal frá bráðamóttökunni missti hún matarlystina í þrjá daga og svaf ekkert næstu þrjár nætur.“ Auður Jónsdóttir, *Ósjálfrátt*, Reykjavík: Mál og menning, 2012, bls. 96.

⁷⁶ Berglind Guðmundsdóttir, Edda Björk Þórðardóttir og Agnes Gísladóttir, „Áhrif áfalla á heilsufar kvenna“, *Við góða heilsu? Konur og heilbrigði í nútímasamfélagi*, ritstjórar Helga Gottfredsdóttir og Herdís Sveinsdóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2012, bls. 155–172, hér bls. 159.

verður Jóhanna leiðsögumaður Sögu um fortíðina því hún tekur að sér að fylla inn í minniseyður systur sinnar og skýra fyrir henni jafnt tildrög dauða Katrínar og áhrif hans á fjölskyldu þeirra. Sagan af Katrínu og dauða hennar er mjög gott dæmi um hvernig sama áfallið getur haft ólík áhrif á ólíka aðila og hvernig minningar þeirra um það kunna að vera gjörólíkar. Það skal nú skoðað með hliðsjón af Sögu og Jóhönnu.

Það er vel þekkt minnistækni að nota rými til að rifja upp hið liðna. Við upprifjun getur til dæmis verið hentugt að styðjast við húsakynni sem eru viðkomandi vel kunnug en eins og bókmenntafræðingurinn Gunnþórunn Guðmundsdóttir hefur bent á hafa margir höfundar sjálfsævisagna farið þá leið að lýsa æskuheimilum sínum og fetað sig úr einu herbergi í annað í þeim tilgangi að rifja upp atburði og fólk úr fortíðinni.⁷⁷ Svipaðri aðferð beittir Jóhanna því með orðum sínum dregur hún upp skýra mynd af æskuheimili þeirra systra svo að minningar um ákveðna lykt, hluti, atvik og fjölskyldu-meðlimi vakna hjá Sögu. Í upphafi reynist afstaða Sögu gagnvart minningu Jóhönnu vera tvíbent. Henni finnst æskuheimilið hvort tveggja í senn hryllilegur staður og yndislegur. Tvíþætta viðhorfið má hafa sem vísbendingu um hvernig fólk man fortíð sína; oftast skiptast á skin og skúrir í lífi þess en þar sem minnið er valkvætt kjósa sumir að muna aðeins hið góða en sneiða hjá hinu óþægilega. Slíkt hefur verið raunin með Sögu sem fyrir flogaköstin vildi aldrei „muna neitt nema það sem [hentaði] henni“ (257). Þess vegna reynir hún í fyrstu að sporna gegn sársaukafullri frásögn Jóhönnu um dauða systur þeirra en áttar sig svo á að ætli hún að ná stjórn á eigin lífi verður hún að muna allt eða í það minnsta viðurkenna atburði fortíðarinnar.

Jóhanna rekur dauðdaga Katrínar óbeint til drykkju föður þeirra og ofbeldisins sem hann beitti móður þeirra þegar hann var fullur. Kvöldið sem Katrín dó var hún með stíflað nef. Jóhanna átti að gæta hennar en lét Sögu um pössunina því hún fór og reyndi að hjálpa mömmu þeirra að verjast barsmíðum drukkens föður þeirra.⁷⁸ En Katrín var of veik og Saga of ung

⁷⁷ Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Minnið er alltaf að störfum“, bls. 138. Um tengsl minnis og staðar sjá einnig Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Atli Antonsson, „Combray og Suðursveit. Um minni og þroska í Steinarnir tala og Leiðin til Swann“, „að skilja undraljós“. *Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*, ritstjórar Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2010, bls. 61–81, hér einkum bls. 68–70.

⁷⁸ Það er algengt að börn alkóhólista taki að sér ákveðin hlutverk innan fjölskyldunnar en algengustu staðalmyndir þeirra eru hetjan, trúðurinn, blóraböggullinn, týnda barnið og hjálparhellan. Jóhanna virðist vera í hlutverki hetjunnar því hún hefur verið ofur meðvituð um ástand heimilisins, tekið að sér of mikla ábyrgð og reynt

til að hún gæti annast hana. Þegar varirnar á Katrínu blánuðu reyndi Saga að hrópa á hjálp en enginn heyrði í henni fyrir en það var orðið of seint. Eftir barnslátið hætti faðir þeirra að drekka, móðir þeirra einangraði sig og enginn ræddi um Katrínu.

Það reynist Sögu erfiðara að ná tökum á frásagnarminninu um lát Katrínar en um veikindi Ívars. Áföllin eru enda ólík, annað er á allra vitorði og um það er rætt en hitt hefur verið þaggað niður í áratugi. Þótt Saga reyni „að púsla saman mynd úr orðum Jóhönnu“ (193) tekst henni ekki að sjá fullmótaða mynd af Katrínu fyrir sér; hún sér aðeins fót hennar en ekki andlit. Minnið um trámað sjálft er einnig brotakennt en brotin sem Saga nemur best eru tilfinningarnar sem tengjast atvikinu; það er að segja ógnin, hræðslan og umfram allt óbærilegi sársaukinn.⁷⁹ Minningin um dauða Katrínar hefur of lengi verið í felum til þess að Saga nái henni almennilega upp í vitundina en með því að hlusta á Jóhönnu og leyfa henni að segja frá þessum erfiða atburði verður hún meðvitaðri um fortíðina. Engu að síður blundar í henni efinn; gerðist allt eins og Jóhanna man það?

Samræður systranna vekja enn á ný upp vangaveltur um minnið og hvernig það virkar. Eins og fyrir var drepið á hafa rannsóknir sálfræðinga leitt í ljós að menn muna sjaldnast fortíðina nákvæmlega heldur er þeim tamt að beita ímyndunaraflinu og fylla inn í eyður og endurskapa þannig hið liðna.⁸⁰ Stundum kann sköpunin þó að ná yfirhöndinni svo að falskar minningar verða til. Það getur til dæmis gerst þegar einstaklingur segir sjálfum sér sömu söguna aftur og aftur þangað til hann hættir að gera greinarmun á hvað er skáldað og hvað gerðist raunverulega eða var lifað. Hann endar þar með á að telja sér trú um að ákveðinn uppspuni sé sannur. Á sama hátt geta aðrir aðilar brenglað minni einstaklings og skapað hjá honum falskar minningar.⁸¹

að gera sitt til að bæta ástandið á heimilinu til dæmis með því að hjálpa móður sinni að annast veikt barn og sporna gegn ofbeldi föðurins. Um staðalímyndir barna alkóhólista sjá Sölvína Konráðsdóttir, „Sálfræðilegar skýringar á alkóhólisma“, *Fíkniefni og forvarnir. Handbók fyrir heimili og skóla*, ritstjórar Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson, Reykjavík: Fræðslumiðstöðin í forvörnum, 2001, bls. 105–112, hér bls. 108.

⁷⁹ Auður Jónsdóttir, *Stóri skjálfti*, bls. 193–194.

⁸⁰ Samanber til dæmis Daniel L. Schacter og Donna Rose Addis, „The cognitive neuroscience of constructive memory. Remembering the past and imagining the future“, *Philosophical Transactions of the Royal Society B. Biological Sciences* 362: 1481/2007, bls. 773–786, hér bls. 773.

⁸¹ Sjá til dæmis Elizabeth F. Loftus, „Creating False Memories“, *Scientific American* 277: 3/1997, bls. 70–75 og Elizabeth F. Loftus, „Make-Believe Memories“, bls. 869.

Það er augljóst að Jóhanna nýtir ímyndunaraflíð og fyllir inn í eigin minniseyður þegar hún rifjar upp fortíðina því hún lýsir til dæmis dauðdaga Katrínar nákvæmlega þótt hún sjálf hafi ekki verið á svæðinu þegar hún lést. Myndin sem Jóhanna dregur upp af föður þeirra er þó sú fortíðarminning sem Saga á erfiðast með að samþykka því hún stangast hressilega á við minningar hennar um hinn ljúfa og góða föður. Ekki er nóg með að Jóhanna lýsi barsmíðum hans heldur ýjar hún einnig að því að hann hafi beitt móður þeirra kynferðislegu ofbeldi. Hún er þó meðvituð um að minnið er brögðult og slær ýmsa varnagla þess efnis að kannski hafi hún sjálf skapað minningarnar seinna meir:

Stundum finnst mér eins og hann hafi nauðgað henni segir hún loks, hratt eins og henni bjóði við eigin orðum. [...] En hún viti það samt ekkert fyrir víst. Hún hafi alltaf ímyndað sér allt hið versta þegar hún heyrði lætin, hljóðin, hafi búið til andstyggilegar myndir í huganum. (191)

Ágæta umfjöllun um ólíkar rannsóknir Loftus á fölskum minningum á íslensku má sjá í grein eftir Árna Kristjánsson, „Að skapa minningar“, bls. 26–27. Til gamans má geta að Auður Jónsdóttir hefur greint frá því að með skrifum á bókinni *Ósjálfrátt* hafi hún óvart plantað fölskum minningum hjá frænku sinni og æskuvinkonu. Í bókinni er greint frá því að persónur sem byggja á frænku Auðar og æskuvinkonu þrifa saman íbúð. Eftir að bókina kom út hittust fyrirmyndirnar og rifjuðu upp fyrri kynni en staðreyndin er sú að þær höfðu aldrei áður hist og því aldrei þrifið saman íbúð en báðar voru sannfærðar um að þær hefðu gert það eftir að hafa lesið bók Auðar. Auður Jónsdóttir, „Auður Jónsdóttir. Um heilann, opinn fræðslufundur um heilann í blíðu og stríðu“, <https://vimeo.com/148931471>.

Tekið skal fram að rannsóknir Loftus hafa verið gagnrýndar en sumir telja að það sé ekki eins auðvelt að skapa falskar minningar hjá fólki eins og hún og samstarfsmenn hennar hafa haldið fram. Sjá til dæmis Chris R. Brewin, Bernice Andrews og Laura Mickes, „Regaining Consensus on the Reliability of Memory“, *Current Directions in Psychological Science* 29: 2/2020, bls. 121–125, hér bls. 121–124. Styr hefur líka staðið um bældar minningar úr æsku sem fólki hefur tekist að rifja upp síðar meir. Sumir telja að slíkar minningar geti verið falskar á meðan aðrir líta svo á að reynslan af tráma sé ástæðan fyrir minnisleysinu. Eins og fyrr var nefnt er það persónubundið hvernig fólk man fortíðina þar með talin áföll. Þótt flestir muni trámatíska atburði gjarnan fremur vel má vera að sumum reynist mun erfiðara að nálgast minningar um slíka reynslu og í sumum tilvikum getur verið að bældu minningarnar séu tilbúningur, annað hvort hafi einhver plantað þeim í koll einstaklingsins eða hann hafi skapað þær sjálfur með hjálp ímyndunaraflsins. Samanber Gail S. Goodman, Lauren Gonzalves og Samara Wolpe, „False Memories and True Memories of Childhood Trauma. Balancing the Risks“, *Current Directions in Psychological Science* 7: 1/2019, bls. 29–31, hér bls. 29–30 og Árni Kristjánsson, „Að skapa minningar“, bls. 26–33.

Barn kryddar allt með ímyndun sinni, ég veit það, ég á sjálf tvö börn [...]. En ég heyri ennþá brakið í beininu, ég heyri hana snökta: Ekki Bjarni! og mér finnst ég heyra hann bora sér stynjandi inn í hana, þó að ég óski þess heitast af öllu að hljóðin séu bara hryllingur sem hræðslan bjó til, af því ég sá einhvern tímann bíómynd þar sem konu var nauðgað og hljóðin voru þau sömu, kannski sá ég hana löngu seinna og finnst bara að hljóðin í minningunni hafi verið svipuð þó að þau hafi ekki verið það. Og kannski eru þau ímyndun mín, Saga, kannski! (197)

Minnisrannsóknir sem gerðar hafa verið á fólkskum minningum hafa leitt í ljós að ef einstaklingur ímyndar sér atburð og reynir að sjá myndir fyrir hugskotssjónum sínum er líklegri en ella að hann komi til með að trúa því að atburðurinn hafi átt sér stað.⁸² Lýsingar Jóhönnu bera með sér að minningarfortíðarinnar ásæki hana; hún heyrir enn hljóðin sem tengjast þeim. Efinn sem einkennir þó allt mál hennar vitnar um að hún vonar að ímyndunaraflið hafi hlaupið með hana í gönur, það sem hún telur sig muna hafi aldrei gerst. Engu að síður óttast hún að afstaða hennar til föður síns eftir að hann hætti að drekka og lét af barsmiðunum hafi haft þau áhrif að hún reyni að afneita kynferðislega ofbeldinu og telja sér trú um að það sé hennar eigin hugarburður.⁸³ Óvissan um minningarfortíðarinnar er því ekki síst rót sársaukans sem hún finnur fyrir.

Varnaglarnir sem Jóhanna slær gera það að verkum að Saga á erfitt með að trúa ásökunum hennar á hendur föður þeirra. Hún veltir fyrir sér hvort móðursystir þeirra heitin, Elínborg, hafi haft áhrif á minni systurdóttur sinnar. Elínborg var einhleyp og barnlaus en hún átti í flóknu sambandi við Kristínu systur sína einkum vegna þess að henni var í nöp við mág sinn. Elínborg taldi að mágur hennar ætti sök á dauða Katrínar en hún var eina manneskjan sem var reiðubúin að margræða ofbeldið við Jóhönnu. Það er því hugsanlegt að skoðanir Elínborgar hafi litað orðræðu hennar og hún plantað fólkskum minningum hjá frænku sinni. Jóhanna viðurkennir enda að hún viti ekki fyrir víst hvað séu minningar hennar og hverjar séu úr hugskoti Elínborgar: „Ég hafði sagt Elínborgu allt sem ég vissi og hún endursagði það og skreytti þangað til það hætti að vera minningin mín og varð minningin hennar. Ég á aldrei eftir að vita hvað ég hef lifað og hvað er úr huga Elínborgar“ (203).

⁸² Elizabeth F. Loftus, „The reality of repressed memories“, *American Psychologist* 48: 5/1993, bls. 518–537, hér bls. 533.

⁸³ Auður Jónsdóttir, *Stóri skjálfti*, bls. 197.

Með því að tefla saman þessum tveimur persónum, Sögu og Jóhönnu, er vel dregið fram á hve ólíkan hátt fólk getur minnst sömu atvika og fjölskyldumeðlima, um leið og sýnt er fram á að minnið getur leikið alla grátt hvort sem þeir eru veikir, eins og Saga, eða heilbrigðir, eins og Jóhanna. Persónurnar mynda jafnt andstæður og hliðstæður, önnur man fortíðina of vel og man jafnvel það sem aldrei gerðist á meðan hin man lengi vel ekki neitt. Báðar eiga þær það sameiginlegt að lifa í óvissu því þær geta ekki hent reiður á fortíðinni og vitað nákvæmlega hvað gerðist. Auk þess geta þær ekki skorið úr um hvar skilin liggja á milli trámaminninga og þeirra sem hugsanlega eru falskar. Óvissan kann að rugla lesanda í ríminu sem veit líklega ekki hverju hann á að trúna en um leið getur hún aukið skilning hans á því hve mikið ólíkindatól minnið er og hversu mikinn vafa það felur í sér.

Það er að vísu aukaatriði hvað gerðist nákvæmlega í fortíð systranna því mestu máli skiptir að þær hafa rætt saman um tráma fortíðarinnar. Samtalið gegnir veigamiklu hlutverki í bataferli þeirra beggja því þótt Saga sé sú hin veika þá er það Jóhönnu einnig mikilvægt að fá tækifæri til að tjá sig um áfallið og deila ótta sínum með öðrum. Saga veit að hún kemur aldrei til með að muna allt úr fortíðinni en hún man sársaukann. Með því að viðurkenna dauða Katrínar fyrir sjálfri sér og ræða um hann, tildrög hans og eftirköst verður trámað hluti af sjálfsævisögulegu minni hennar. Þar með getur hún betur skilið tilfinningarnar sem tengjast áfallinu og áhrif þeirra. Það er algengt að eftirlifendur tráma finni fyrir sektarkennd og ótta.⁸⁴ Eftir samtalið við Jóhönnu rennur upp fyrir Sögu að hún hefur alla tíð kennt sjálfri sér um dauðdaga Katrínar vegna þess að hún gat ekki bjargað henni. Sektarkenndin hefur haft áhrif á sambandið við Berg því vegna hennar hefur Saga óttast að sagan komi til með að endurtaka sig, annað barn í hennar umsjá muni láta lífið sinni hún því ekki fullkomlega. Fyrir vikið hefur hún ofverndað Ívar og engum treyst fyrir honum nema sjálfri sér. Ranghugmyndir Sögu um fortíðina og hræðsla í nútíðinni kallast á við fyrrnefnd skrif Dori Laub um hvaða áhrif það getur haft ef einstaklingur tekst ekki á við tráma fortíðarinnar og ræðir það ekki við aðra.

Flogaköstin í upphafi bókar kippa fótunum undan Sögu. Þau neyða hana til sjálfsskoðunar sem verður til þess að hún tekst loksins á við trámu fortíðarinnar og sleppir tókum á afneituninni og þögguninni sem hefur einkennt allt hennar líf frá því að Katrín dó. Jákvæðu áhrifin láta ekki á sér standa. Saga þarf ekki lengur að lifa í tveimur aðskildum heimum – heimi

⁸⁴ Aphrodite Matsakis, „Trauma and It’s Impact on Families“, bls. 21.

trámans og heimi nútímans – því með því að viðurkenna áfallið sameinar hún heimana; trámað verður hluti af lífssögu hennar. Þar með þarf hún ekki lengur að eyða ómældri orku í að afneita sársauka fortíðarinnar, óttanum og sektarkenndinni heldur getur hún samþykkt kenndirnar og verið meðvituð um þær án þess þó að þær stjórni lífi hennar og líðan. Í lok sögu hefur Saga öðlast frásagnarminni um fyrri áföll og er reiðubúin til að deila reynslunni með Bergi, segja honum frá Katrínu og útskýra hvers vegna hún hefur vantréyst honum fyrir syni þeirra. Sjálfsskoðunin hefur gert hana meðvitaða um eigin mistök í uppeldi Ívars en með því að viðurkenna þau er ljóst að afneitunin litar ekki lengur líf hennar, hún hefur gert upp við fortíðina og er tilbúin að einbeita sér að nútíðinni. Saga kemst að þeirri niðurstöðu að hún vill rækta ástina og eyða lífinu með Bergi. Veikindin og sjálfsskoðunin í kjölfarið hafa kennt henni að hún stendur ekki ein, hún þarf ekki alltaf að vera við stjórnartaumana og afneita erfiðleikum fortíðarinnar heldur getur hún slakað á og treyst öðrum. Það er því einkar írónískt að Saga er of sein, Bergur er kominn í nýtt samband en það er óþægileg staðreynd sem hún hefur gleymt – eða kosið að gleyma.

Að lokum

Í leitinni að sjálfri sér finnur Saga möppu á tölvunni sinni sem heitir *Markmið*. Mappan er að vísu tóm að undanskilinni einni setningu: „*Hvorki stjórna né vera stjórnað*“ (180). Í lok bókar virðist markmiðinu vera náð því með ítarlegri sjálfsskoðun hefur Saga komist á þann stað að hún getur sleppt tókunum og treyst öðrum. Það er rækilega undirstrikað í lokakaflanum en þá er sem Saga stari sig í störuflög⁸⁵ svo hún fjarar smátt og smátt út úr veruleikanum og sjálfri sér. Ólíkt krampafloginu í upphafi bókar sem skapaði óvissu og vanlíðan eykur störuflogið sátt og vellíðan.⁸⁶ Veruleikinn verður draumkenndur þegar Saga lýsir því hvernig hún verður sífellt léttari og fjarlægari bæði líkama sínum og aðstæðum. Störuflogið hefur þau áhrif að

⁸⁵ Störuflög eru flog sem „vara stutt, oft nokkrar sekúndur. Viðkomandi missir meðvitund án þess að detta. Starir fram fyrir sig, sjáöldur víkka. Síðan kemst hann til meðvitundar á ný og tekur þá gjarnan upp fyrri iðju eins og ekkert hafi í skorist.“ „Spurningar og svör“, *Lauf*, sótt 4. júlí 2020 af <http://www.lauf.is/spurningar-and-svor/>.

⁸⁶ Auður Jónsdóttir hefur greint frá því að sem barn hafi hún stundum starað sig í störuflög því henni þótti tilfinningin svo góð, að fjara út. Samkvæmt henni búa fleiri yfir slíkri reynslu. Auður Jónsdóttir, „Auður Jónsdóttir. Um heilann, opinn fræðslufundur um heilann í blíðu og stríðu“, <https://vimeo.com/148931471>.

henni verður eigið þýðingarleysi ljóst: „hún er stjórnlaus líkami í stjórnlausum heimi, móðir án barns, gift kona án eiginmanns, húseigandi sem á hvergi heima“ (297). Tilfinningarnar sem vakna eru ekki lengur ótti, sektar-kennnd eða eftirsjá heldur fyrst og fremst skilyrðislaus ást og samkennd til Ívars og Jóhönnu.⁸⁷ Í lok bókar er ekki ljóst hvað verður um Sögu, deyr hún eða lifir áfram? Svarið liggur hjá lesanda sem þarf að gera upp við sig hvernig hann fyllir inn í þá eyðu;⁸⁸ þangað til er Saga „hugarburður í frjálsum falli“.⁸⁹

Stóri skjálfti er athyglisverð stúdía á manningum og óáreiðanleika minnisins. Þótt flogaveik persóna sé í brennidepli og upplifun hennar markist af afleiðingum sjúkdómsins gera tengsl veikindanna við minnið, gleyskuna og áföllin það að verkum að reynsla Sögu er sammannleg. Sagan eflir því ekki aðeins skilning og þekkingu á flogaveiki og fylgikvillum hennar heldur varpar hún fyrst og fremst fram mikilvægum spurningum um hvernig við skiljum veruleikann: Munum við það sem við munum? Vitum við það sem við vitum? Hvaða sögur segjum við okkur þegar við endursköpum fortíðina? Eins og sýnt hefur verið fram á í þessari grein er það manningum eiginlegt að skálda lífið svo þegar allt kemur til alls er kannski „allt okkar líf [...] ekkert nema skáldsaga“ (229).⁹⁰

⁸⁷ Líðanin sem Saga lýsir undir lokar bókar og ekki síst jákvæðu tilfinningarnar sem vakna hjá henni minna á áhrif hugleiðslu-aðferða sem eru stundaðar gagnert til að auka samkennd einstaklings með öðrum. Boris Borneman og Tania Singer, „The ReSource Training Protocol“, *Compassion. Bridging Practice and Science*, ritstjórar Tania Singer og Matthias Bolz, Munich: Max Planck, 2013, bls. 452–465, hér bls. 459. Auður Jónsdóttir hefur greint frá því opinberlega að hugleiðsluæfingar sem hún hafi stundað hafi haft svipuð áhrif á hana og störflog sem hún fékk sem barn svo þessi tengsl eru ekki úr lausu lofti gripin. Auður Jónsdóttir, „Auður Jónsdóttir. Um heilann, opinn fræðslufundur um heilann í blíðu og stríðu“, <https://vimeo.com/148931471>.

⁸⁸ Auður Aðalsteinsdóttir hefur sagt að hið fullkomna stjórnleysi sem Saga finnur fyrir í lok sögu virðist eiga að tákna dauða. Sjá „Hvorki stjórna né vera stjórnað“, bls. 94. Tekið skal fram að Auður Jónsdóttir hefur bent á að vísindamenn hafa dregið fram líkindi með áhrifum störflogs og eftirdauðareynslu. Auður Jónsdóttir, „Auður Jónsdóttir. Um heilann, opinn fræðslufundur um heilann í blíðu og stríðu“, <https://vimeo.com/148931471>.

⁸⁹ Samber orð Auðar Jónsdóttur sem vísað var til í upphafi greinar.

⁹⁰ Þessi grein er hluti af verkefninu Ímyndunarafið (201196-0011) sem stutt er af Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna. Ég þakka ónefndum ritrýnum og Sigrúnu Margréti Guðmundsdóttur kærlega fyrir góðar og gagnlegar ábendingar við skrif greinarinnar.

ÚTDRÁTTUR

Í skáldsögunni *Stóra skjálfta* eftir Auði Jónsdóttur er sagt frá persónunni Sögu sem á við minnisvanda að stríða í kjölfar flogakasta. Í þessari grein er fjallað um upplifun og reynslu persónunnar með tilliti til veikinda hennar. Rætt er um flogaveiki og hvaða líkingar eru hafðar um sjúkdóminn í sögunni. Þá er sjónum ekki síst beint að óáreiðanleika minnisins og hvernig fólk er sífellt að skálda lífið. Meðal annars er skoðað hvaða aðferðum Saga og aðrar persónur *Stóra skjálfta* beita til að rifja upp fortíðina og hvernig þær geta minnst sama atburðar á ólíkan máta. Sérstakur gaumur er gefinn að tengslum minnis og tráma en með dæmum úr bók Auðar er dregið fram hvernig minningar um erfiða reynslu eru gjarnan ólíkar öðrum minningum.

Lykilorð: Læknahugvísindi – minni – tráma – líkingar – Auður Jónsdóttir – *Stóri skjálfti*

ABSTRACT

„The memory is a strainer“

On Memory and Trauma in *Grand Mal* by Auður Jónsdóttir

The novel *Stóri skjálfti (Grand Mal)* by Auður Jónsdóttir tells the story of Saga, who struggles with memory problems following epileptic seizures. This article discusses the character's experience in light of the illness. Both epilepsy and the metaphors used for the illness in the novel are addressed. A special focus is put on the unreliability of memory and how people are constantly reinventing their lives. Additionally, the article examines the methods used by Saga and other characters in *Grand Mal* to recall the past, and how their recollection of certain events can vary individually. The connection between memory and trauma is highlighted. Examples from Jónsdóttir's book show how memories of difficult experiences often differ from other memories.

Keywords: Medical Humanities – Memory – Trauma – Conceptual Metaphors – Auður Jónsdóttir – *Grand Mal*

GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Doktor í íslenskum bókmenntum

gus26@hi.is

